



Menn voru misjafnlega bjargarlausir í vatnsgnum á götum höfuðborgarsvæðisins í gærmorgun, meðal annars á Fifuhvammsvegi í Kópavogi. Í sumum tilfellum var ekki um neitt annað að ræða en að biða eftir aðstoð frá björgunarsveitarmönnum. Liðsmenn björgunarsveitanna fóru af stað eldsnemma um morgun og unnu langt fram eftir degi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Himinháar bótakröfur gætu blasað við

Dómpolar í Guðmundar- og Geirfinnsmálum gætu gert himinháar bótakröfur fallist Hæstiréttur á sýknukröfur við endurupptöku málsins. Bætur gætu numið yfir 300 milljónum með hliðsjón af fordæmi í Vegasmálinu svokallaða.

**DÓMSMÁL** Bótakröfur dómfelldu í Guðmundar- og Geirfinnsmálum, gætu hlaupið á hundruðum milljóna og jafnvel milljörðum samanlagt, verði fallist á sýknukröfur ákærvaldsins við endurupptöku málsins í Hæstirétti. Ef lítið er til íslenskra dómafordæma má gera ráð fyrir að bætur geti farið yfir 300 milljónir.

Þeir verjendur dómpólanna sem Fréttablaðið hefur rætt við hafa ekki nefnt mögulegar upphæðir bóta krafna komi til þeirra, en segja þó viðbúið að þær muni hlaupa á

hundruðum milljóna í tilvikum einhverra.

Þótt Guðmundar- og Geirfinnsmál verði að teljast án fordæma í íslenski réttarsögu eiga þau sér að nokkru leyti hliðstæðu í máli Sigurþórs Arnarssonar sem var sakfelldur árið 1993 fyrir að verða manni að bana á veitingastaðnum Vegas. Hann sat í fangelsi í 15 og hálfan mánuð.

Eftir að Sigurþór vann mál sem hann höfðaði gegn íslenska ríkinu fyrir Mannréttindadómstól Evrópu var mál hans endurupptekið fyrir

íslenskum dómstólum og Sigurþór sýknaður. Hann höfðaði í kjölfarið bótamál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og voru honum dæmdar rúmar 18,7 milljónir árið 2015, þar af 16,3 milljónir í miskabætur sem miðudust við tímalengdina sem hann sat inni.

Verði sýknudómur kveðinn upp í Guðmundar- og Geirfinnsmálum má ætla að byggt verði að nokkru leyti á þessari dómaframkvæmd við ákvörðun mögulegra bóta. Dómfelldu í málunum sátu í fangelsi í samtals 322 mánuði. — **aá** / bls. 4

### Lengd afplánunar

**Sigurþór Sigurðsson** 15,5 mán. (bætur alls 18,7 millj.)

**Albert Klahn Skaftason** 6 mán.

**Guðjón Skarphéðinsson** 58 mán.

**Tryggvi Rúnar Leifsson** 71 mán.

**Kristján Viðar Viðarsson** 88 mán.

**Sævar Marínó Ciesielski** 99 mán.

### Skipta ekta loðskinni út fyrir gervipels

**LÍFIÐ** Æ fleiri hönnuðir og stór tiskuhús eru hætt að nota ekta loðskinn. Tom Ford var til að mynda að tilkynna að nú myndi hann skipta yfir í gerviskinn og er þá kominn í hóp hönnuða á borð við Ralph Lauren og Calvin Klein. Valgerður Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka grænmetisæta, er ánægð með að áhrifavald- a r innan tiskuheimisins séu að taka skref í rétta. „Það væri óskandi að fyrirtæki í fataframleiðslu á Íslandi tækju sér erlendu tiskuhúsin til fyrirmyndar og hættu notkun á dýrafeldi.“



— gha / sjá síðu

### Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Kári Stefánsson er nokkuð viss um að áhættan af umskurði sé ekki meiri en sú sem felst í því að hella messuvíni ofan í fermingarbörn. **18**

**SPORT** Stjarnan hefur valdið miklum vonbrigðum í vetur og verður ekki með í úrslitakeppninni í vor. **20**

**TÍMAMÓT** Kvinnakór Suðurnesja var stofnaður á þessum degi fyrir 50 árum. **22**

**MENNING** Kvinnaráð eftir Sellu Páls leiklesíð í Hannesarholti **28**

**LÍFIÐ** Íslenska barnafatamerkið iglo+indi gerir það gott í Hollywood. **38**

**PLÚS SÉRBLAÐ • FÓLK**

\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

### HNÍFAPARATÖSKUR

12 MANNA  
ÁSAMT FYLGILUTUM  
MIKIÐ ÚRVAL  
VERÐ FRÁ KR. 24.990



**TÉKK**  
**KRISTALL**

LAUGAVEGI 178 – SÍMI 568 9955

NEÐRI GRIND  
LYFTIST UPP  
Í VINNUHÆÐ

**ELECTROLUX  
COMFORT  
LIFT**

Electrolux Comfort Lift  
uppbyggjafél  
ESP7460RW

VERÐ FRÁ  
**139.990**

**ELKO**

**SMÁRALIND**

**MANNSLÍKAMINN**  
15.-28. FEBRÚAR

Hvernig virkar  
minnið?

**OPIÐ TIL 21 Í KVÖLD**



## Veður



Heldur vaxandi sunnanátt í dag, víða 13-18 m/s síðdegis. Úrkomulitið norðaustanlands, annars eljagangur en rigning í fyrstu á suðaustanverðu landinu. **SJÁ SÍÐU 26**

## Bílastæði AVIS þurfa að víkja

**DÓMSMÁL** Reitum er skylt að fjarlægja sérmerkingar bílastæða við verslunarmiðstöðina Holtagarða. Umrædd stæði eru sérmerkt fyrir bílaleiguna AVIS. Þetta er gert að kröfu Reebok Fitness.

Árið 2011 tók RFC ehf., eigandi Reebok Fitness, á leigu hluta af húsnæði Holtagarða. Í samningnum var kveðið á um að fyrirtækið hefði aðgang að hinum umdeildu bílastæðum. Þegar AVIS hóf að leigja í Holtagarðum fylgdi með í samningnum að fyrirtækið fengi 100 sérmerkt bílastæði.

Forsvarsmenn Reebok Fitness töldu að gert væri á hlut þeirra með samkomulaginu við AVIS. Þeir ættu jafnan rétt á stæðunum samkvæmt samkomulagi fyrirtækisins við Reiti. Á þetta féllst Héraðsdómur Reykjavíkur og segir að taka þurfi merkingarnar innan 4 vikna. – **joe**

## Meira en 100 stúlkum rænt

**NÍGERÍA** Meira en 100 nígerískra skólastúlkna er saknað eftir að liðsmenn Boko Haram réðust á heimavistarskólann þeirra í Dapchi í Yobe ríki í Nígeríu á mánudagskvöld. Öttast er að þeim hafi verið rænt.

Stór hluti nemenda og starfsmanna við skólann höfðu flúið hann áður en hinir herskáu liðar Boko Haram náðu þangað.

„Átta hundruð og fimmtán stúdentar sneru aftur í skólann af þeim 926 sem voru í skólanum. Hinna er enn saknað,“ sagði Bdulmaliki Sumono, lögreglustjóri í Yobe, við blaðamenn.

Yfirvöld gangast ekki enn við því að mannrán hafi verið framíð og segja að margar þeirra sem saknað er hafi flúið í nærliggjandi skóg og muni hugsanlega finnast. Öryggisveitir leita þeirra.

Einungis fjögur ár eru síðan 270 stúlkum var rænt í bænum Chibok í Borno-ríki í Nígeríu. Stórs hóps er enn saknað. – **jhh**

## Skyndihjálparmaður ársins útnefndur



Jónas Már Karlsson kokkur, sem vinnur hjá fyrirtæki sem matreiðir fyrir eldra fólk í heimahúsum, hlaut í gær nafnbótina skyndihjálparmaður ársins 2017. Hann fékk að gjöf meðal annars iPhone Red, skyndihjálparnámskeið fyrir tvo, skyndihjálpartösku auk veglegs blómvandar. Jónas fór til gamallar konu í Hafnarfirði með mat og áttaði sig þá á því að matarbiti stóð í hálsi konunnar. Hann brást hárrétt við. FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÓR



Land Hóls er á Út-Héraði.

## Skoða vindorku í landi Hóls

**ORKUMÁL** Drög að samningi um könnunarmöstur vegna rannsókna á vindorku í landi Hóls í Hjalta- staðarþinghá voru rædd á síðasta fundi bæjarráðs Fljótsdalshéraðs, sem fram fór nýlega.

Ákvað bæjarráðið að undirbúa kynningarfund fyrir íbúa á svæðinu til að ræða framkomnar hugmyndir um nýtingu vindorku á Út-Héraði. – **gar**

# Búast má við hitafundi í Valhöll síðdegis í dag

Fulltrúaráð Varðar fundar í kvöld um framboðslista Sjálfstæðisflokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar. Skiptar skoðanir eru um listann utan ráðsins en talið er að meiri samhljómur sé innan þess. Listinn þykir bera merki utanríkisráðherra.

**STJÓRNMÁL** „Þetta verður ekki hljóðlátur fundur hver svo sem niðurstaðan verður,“ segir fulltrúi í Verði, fulltrúaráði sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík. Ráðið fundar í kvöld mun eiga lokaorðið um framboðslista flokksins fyrir komandi borgarstjórnarkosningar.

Í fyrra var samþykkt í fulltrúaráðinu að halda leiðtogakjör í stað hefðbundins prófkjörs fyrir kosningarnar. Eyþór Arnalds varð hlutskarpastur í því kjöri en að því loknu tók kjörnefnd við og stillti upp í önnur sæti listans. Þeirri vinnu lauk síðasta mánudag. Aðeins einn sitjandi borgarfulltrúi, Marta Guðjónsdóttir, er á listanum en þar er hvorki að finna Kjartan Magnússon, sem verið hefur verið borgarfulltrúi frá 1999, eða Áslaugu Friðriksdóttur.

Það eru skiptar skoðanir meðal þess Sjálfstæðisfólks sem Fréttablaðið ræddi við í gær um ágæti aðferðarinnar við valið á listanum. Hluti er ánægður með fyrirkomulagið og sagði að um nauðsynlegar breytingar væri að ræða. Núverandi borgarfulltrúar hefðu ekki staðið sína vakt og það sæist best á stöðu flokksins í borginni. Brýnt væri að hleypa inn fersku blóði. Öðrum þykir illa vegið að Áslaugu og Kjartani.

„Þessi listi ber það með sér að Guðlaugur Þór Þórðarson og hans armur hafi haft nokkuð mikið um hann að segja. Það var eiginlega ljóst í hvað stefndi strax þegar sú leið var samþykkt að halda leiðtogakjör,“ segir einn þeirra sem Fréttablaðið ræddi við. „Fulltrúaráðið samþykkti kjörið og á stærstan hluta í kjörnefndinni þannig þetta var viðbúið.“

Flestir eru einróma um það að það væri einn fylgífiska stjórnmála



Búast má við að skipst verði á skoðunum í Valhöll í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## 1

núverandi borgarfulltrúi verður á lista uppstillingarnefndar.

að fólk reyndi að koma sínu fólk og til áhrifa. Ekkert væri óeðlilegt við það. Hins vegar þótti ýmsum aðferðin ekki til eftirbreytni.

„Mér þykir þetta ekki gefa gott fordæmi. Ef vinnubrögð sambærileg þessum eru komin til að vera hugsað ég að fylgi flokksins gæti minnkað

skarpt,“ segir annar heimildarmaður blaðsins.

Sem fyrr segir er Eyþór Arnalds í fyrsta sæti listans. Í næstu sætum á eftir fylgja, samkvæmt heimildum blaðsins, Hildur Björnsdóttir, Valgerður Sigurðardóttir, Egill Þór Jónsson, áður nefnd Marta Guðjónsdóttir og svo Katrín Atladóttir. Einn viðmælenda blaðsins segir líklegt að lögd verði fram tillaga að breytingu til að skapa rými fyrir Áslaugu og Kjartan sem myndi þá riðla röðinni.

„Það hefur þó verið sterkur meirihluti í ráðinu hingað til og líklegt að svo verði áfram og að listinn verði samþykktur óbreyttur,“ segir hann. **joli@frettabladid.is**



Veldu öryggi og áreiðanlega rekstrarþjónustu

Nánari upplýsingar á [advania.is](http://advania.is)





**HONDA**  
The Power of Dreams



Bíll á mynd er Honda CR-V með aukabúnaði.

# CR-V

## Á HONDA BETRA VERÐI

Við lögðum af stað með meira. Meira pláss til að gera góða hluti, eiga góða daga, meira af góðum ferðum. Meiri bíl til að treysta á, aflmeiri, hagkvæmari, sparneytnari. Meira af því sem við gerum vel - gert enn betur.  
**Já, og meira fyrir peninginn.**

**SÉRVALDIR HONDA CR-V Á SÉRSTÖKU TILBOÐSVERÐI**

**HONDA CR-V - VERTU MEIRA TIL Á MEST SELDA BORGARJEPPA Í HEIMI  
VERÐ FRÁ KR. 5.390.000**

Bernhard ehf • Vatnagörðum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • [www.bernhard.is](http://www.bernhard.is)  
Umboðsaðilar: Bernhard, Reykjanesbæ • Bílver, Akranesi • Höldur, Akureyri • Bragginn, Vestmannaeyjum





# Rithöfundar telja bókum sínum streymt í leyfisleysi

**VIÐSKIPTI** Mikil ólga er innan Rithöfundasambands Íslands (RSÍ) vegna tilkomu hljóðbókaveitunnar Storytel sem Fréttablaðið sagði frá á mánudag.

Hundruð íslenskra titla eru þar aðgengileg áskrifendum en rithöfundar telja brotið á höfundarrétti sínum. Framkvæmdastjóri Storytel á Íslandi segir uppþaup rithöfunda núna koma á óvart.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hafa nokkrir rithöfundar krafði Storytel um að verk þeirra verði fjarlægð af veitunni enda kann-

ist þeir ekki við að hafa veitt leyfi fyrir þessu framsali. Þeirra á meðal er formaður RSÍ, Kristín Helga Gunnarsdóttir. Sambandið hefur boðað að málið verði skoðað. Sigríður Rut Júlíusdóttir, lögmaður RSÍ, segir afstöðu sambandsins klára.

„Um áskrifarstreymisrétt þarf að semja við rithöfunda og við lítum svo á að áskrifarstreymisréttur hafi ekki verið framseldur með útgáfusamningum aðila.“

Stefán Hjörleifsson, framkvæmdastjóri Storytel, segir fyrirtekið semja við útgefendur, ekki

rithöfunda, um hljóðbækur og þeir framselji réttinn til þeirra.

„Við erum þannig séð í góðri trú að þeir hafi þau réttindi sem þeir framselja til okkar. Við vorum ekkert að baktryggja það að öðru leyti en því en við erum búin að vera í stöðugum samskiptum við RSÍ í meira en ár út af þessu máli og alltaf haldið þeim upplýstum um allt sem við gerum og alla samninga sem við erum með við útgefendur. Þess vegna kemur þetta okkur í opna skjöldu núna, því það hefði mátt forða því fyrir löngu.“

**Við erum þannig séð í góðri trú að þeir hafi þau réttindi sem þeir framselja til okkar.**

Stefán Hjörleifsson, framkvæmdastjóri Storytel á Íslandi.



Rithöfundar ættu því að beina spjótum sínum að útgefendum sínum fremur en Storytel.

Ein gagnrýni rithöfunda hefur beinst að því hversu rýr hlutur þeirra af streymisþjónustunni kunnir að verða. Stefán segir hlutinn samkvæmt samningum rithöfunda við útgefendur.

Aðspurður hvort orðið verði við kröfu höfunda um að bækur þeirra verði fjarlægðar af Storytel segir Stefán það þurfa að koma í ljós. Óskað hafi verið eftir fundi með RSÍ vegna málsins. – smj



Billy Graham var 99 ára.  
NORDICPHOTOS/AFIP

## Predikarinn Billy Graham fallinn frá

**BANDARÍKIN** Bandaríski predikarinn Billy Graham lést á heimili sínu í Norður-Karólínu í gær. Graham lést af náttúrulegum orsökum en hafði glímt við Parkinsonsveiki frá árinu 1992.

Graham var einn þekktasti trúboði kristinnar trúar í heiminum og predikaði hann víða um heim. Talið er að á sextíu ára ferli sínum hafi hann predikað persónulega yfir 215 milljónum manna í að minnsta kosti 185 löndum og náð til mun fleiri í gegnum sjónvarpið.

Skemmt er þess að minnast að sonur Billy Graham, Franklin, var aðalpredikari trúarhátíðarinnar Hátíð vonar í Laugardalshöll árið 2013. Í frétt Visis frá sama ári sagði Ragnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri hátíðarinnar, að samtök Billy Graham hefðu greitt hluta af kostnaðinum við komu hans. – þea

### LEIÐRÉTTING

*Ekki er rétt eins og fullyrt var í Fréttablaðinu í gær á blaðsíðu 8 að engar ljósmyndir hafi borist frá Arnarlaxi til Matvælastofnunar í tengslum við óhöpp sem urðu á starfstöðvum fyrirtækisins í Tálknafirði og Arnarfirði og að stofnunin hafi þar afleiðandi ekki haft tækifæri til að kynna sér skemmdir á sjókvíum á stöðunum.*

# Ragnar gagnrýninn á efasemdir setts saksóknara um sakleysið

Ragnar Aðalsteinsson segir að gera þurfi athugasemdir við greinargerð setts saksóknara í Geirfinnsmálinu þótt sýknu sé krafist. Hann leggur áherslu á að málflutningur verði í Hæstarétti. Segir saksóknara draga sakleysi dómpola í efa í greinargerð. Telur að forsendur dómsins geti skipt máli vegna mögulegra bótakrafna.

**DÓMSMÁL** Ragnar Aðalsteinsson, verjandi Guðjóns Skarphéðinsonar, segir að gera þurfi athugasemdir við ýmis atriði í greinargerð setts saksóknara í Guðmundar- og Geirfinnsmálum en Davíð Þór Björgvinsson, settur saksóknari í málinu, skilaði greinargerð sinni til Hæstaréttar í gær og krefst sýknu yfir öllum dómfelldu sem aðild eiga að málinu.

„Til dæmis er dregið í efa [í greinargerð setts saksóknara] að þeir séu í raun saklausir,“ segir Ragnar.

Í greinargerðinni bendir saksóknari á að endurupptökunefndin telji visbendingar um að játningar dómfelldu um þátt þeirra í hvarfi Guðmundar og Geirfinns hafi átt við rök að styðjast. Þá segir einnig í greinargerð saksóknara að framburðir vitna styðji einnig út af fyrir sig með beinum eða óbeinum hætti við þá atburðarás sem lögð var til grundvallar sakfellingu.

„Það þarf að gera athugasemdir við þetta og sýna fram á að þetta standist ekki með neinum hætti og ekkert sem bendi til þess að atburðir hafi gerst með þeim hætti sem Hæstiréttur taldi á sínum tíma,“ segir Ragnar.

Hann nefnir sem dæmi að réttarsálfræðingar komust að þeirri niðurstöðu um skjólstaðing hans að ekkert sem hann hefði sagt ætti sér stöð í staðreyndum og að játningar hans væru falskar.

Aðspurður segir Ragnar mikilvægt að málið verði flutt fyrir Hæstarétti þrátt fyrir að ekki sé

**Ef maður er sýknaður, þá á ekki að standa í dómnum að það gæti nú samt verið að hann hafi framið verknaðinn.**

Ragnar Aðalsteinsson lögmaður



ágreiningur um dómkröfurnar sjálfar, enda skipti máli hvað standi í forsendum dómsins þótt niðurstaðan verði sýkna. „Já, ég tel það og fyrir því eru ýmsar ástæður bæði síðferðilegar og lögfræðilegar,“ segir Ragnar og bætir við:

„Ef maður er sýknaður, þá á ekki að standa í dómnum að það gæti nú samt verið að hann hafi framið verknaðinn.“

Dómpolar málsins hafa alla tíð lagt mikla áherslu á að fá mannorð sitt hreinsað og Ragnar segir að sýknudómur dugi ekki til þess ef hafðar eru uppi efasemdir um raunverulegt sakleysi þeirra í forsendum dómsins.

Aðspurður segir Ragnar að forsendur dómsins geti líka skipt máli vegna mögulegra bótakrafna, enda sé í lögum kveðið á um að lækka megi bætur ef viðkomandi hefur sjálfur stuðlað að aðgerðum gegn sér. [adalheidur@frettabladid.is](mailto:adalheidur@frettabladid.is)



Rúm fjórutíu ár eru síðan Geirfinnsmálið var flutt fyrir Sakadómi Reykjavíkur.  
FRÉTTABLAÐIÐ/BRAGI GUÐMUNDSSON

## Úr greinargerð setts saksóknara

„Ætla mátti að til undantekninga heyri að svo margir einstaklingar játi ranglega aðild að atlögu að manni eða mönnum sem leitt hafi hann eða þá til dauða og einnig að vitni styðji við þær játningar.“

„Fyrir liggur að sakfellingin í báðum þáttum málsins var fyrst og fremst studd við játningar dómfelldu sem og annan framburð hvers þeirra um sig, um þátt hinna í atlögu að mönnum þessum. Framburðir vitna styðja einnig út af fyrir sig með beinum eða óbeinum hætti við þá atburðarás sem lögð var til grundvallar sakfellingu. Á hinn bóginn hafa lík hinna horfnu manna aldrei fundist, ekkert er vítað um dánarorsök, engin ummerki fundust um átök eða mannlát á meintum brotavettvangi og engum ápreifanlegum sönnunargögnum er til að dreifa um að mönnum þessum hafi yfirhöfuð verið ráðinn bani.“

## HÖRKUTÓL SEM ENDIST

2018

TIL AFGREIÐSLU STRAX  
RAM 3500 LIMITED, LARAMIE OG  
SLT ÁRGERÐ 2018

VERÐ FRÁ KR.  
5.960.000 ÁN VSK.

KR. 7.390.400 MEÐ VSK.



**ÍSABAND**  
ISLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOD

Umboðsaðili Ram Trucks á Íslandi - Þverholti 6 - 270 Mosfellsbær - s. 534 4433  
[www.ram.island.is](http://www.ram.island.is) - [www.isband.is](http://www.isband.is) - [isband@isband.is](mailto:isband@isband.is) - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16





# Gæðin eru staðalbúnaður.

Mercedes-Benz GLC er öflugur sportjeppi sem er í senn snaggaralegur í akstri, rúmgóður og sterklegur. Vélin er aflmikil, sparneytin og fylgir ströngum umhverfiskröfum Mercedes-Benz. GLC er hlaðinn tæknilausnum, hefur níu gíra sjálfskiptingu og fimm aksturskerfi. Gæði og engar málamiðlanir. Þannig er GLC.

GLC 220 d 4MATIC

**Verð frá 7.470.000 kr.**

Eyðsla 5,0 l/100 km, CO<sub>2</sub> 129 g/km

## Mercedes-Benz

The best or nothing.





# Bókaðu sól TENERIFE & FUERTEVENTURA

## 2 FYRIR 1

Frá kr.  
**79.995**



FLUGSÆTI  
ÁÐUR KR.  
79.900  
NÚ KR.  
39.950



## TENERIFE

Laguna Park I  
Apartments



2 FYRIR

Frá kr. 99.730  
m/hálft fæði innifalið  
Netverð á mann m.v. 2  
fullorðna í gistingu.  
5. mars í 10 nætur.

Iberostar  
Bouganville Playa



2 FYRIR

Frá kr. 149.730  
m/morgunmat innif.  
Netverð á mann m.v. 2  
fullorðna í gistingu.  
5. mars í 10 nætur.

## FUERTEVENTURA

SBH Monica Beach  
Resort Hotel



2 FYRIR

Frá kr. 110.945  
m/allt innifalið  
Netverð á mann m.v. 2  
fullorðna í gistingu.  
5. mars í 10 nætur.

Stökkstu



2 FYRIR

Frá kr. 79.995  
m/ekkt fæði innifalið  
Netverð á mann m.v. 2  
fullorðna í gistingu.  
5. mars í 10 nætur.

Occidental Jandia  
Playa Hotel



2 FYRIR

Frá kr. 116.845  
m/hálft fæði innifalið  
Netverð á mann m.v. 2  
fullorðna í gistingu.  
5. mars í 10 nætur.

**Heimsferðir**  
-fáðu meira út úr fríinu

## Karníval í Basel



Karnívalinu í Basel lýkur í dag. Þetta er stærsta hátíð sinnar tegundar í Sviss. Hátíðin hófst á mánudag með svokallaðri Morgestraich-skrúðgöngu. Margir þátttakendur í göngunni gengu með grimur með andlitum Kim Jong-un leiðtoga, Norður-Kóreu, og Donalds Trump, forseta Bandaríkjanna. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Úrslitastund eftir viku

ASÍ telur forsendur kjarasamninga brostnar, en forsetinn segir ótímabært að rekja ástæðurnar. Framkvæmdastjóri SA segir Íslendinga upplifa sögulegt skeið.

**KJARAMÁL** Forsendur kjarasamnings Alþýðusambands Íslands (ASÍ) og Samtaka atvinnulífsins (SA) eru brostnar að mati ASÍ, en samkvæmt því munu ákvæði hans koma til endurskoðunar í lok þessa mánaðar.

ASÍ sendi frá sér yfirlýsingu í gær þar sem þessu var lýst yfir. Er það mat ASÍ að sú forsenda að launastefna samninganna væri stefnu- markandi hafi ekki gengið eftir. Því hefði sambandið heimild til að segja samningnum upp.

„Málið er enn til vinnslu í forsætisnefndinni og þarf tæknilega að vera þar áfram til loka þessa mánaðar. Það er niðurstaða ASÍ að forsendur séu brostnar en það er í höndum aðildarfélaganna þess, stéttarfélaganna sjálfra, hver niðurstaðan verður,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ.

Í yfirlýsingunni boðaði ASÍ til

**Aldrei í sögu íslenska lýðveldisins hefur ríkt sambærilegt skeið.**

Halldór Benjamin Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA

formannafundar aðildarfélaganna en hann fer að óbreyttu fram miðvikudaginn eftir viku, 28. febrúar. Aðspurður segir Gylfi ótímabært að rekja það frekar í hverju forsendubresturinn felst en það muni skýrast með tíð og tíma.

„Það er enn mögulegt að stjórnvöld og atvinnurekendur geti brugðist við þessari stöðu en að óbreyttu verður fundurinn haldinn,“ segir Gylfi.

Framkvæmdastjóri SA segir óeðlilegt að ræða það að forsendur séu brostnar.


„Það er rétt að halda því til haga að á undanförunum þremur árum hefur kaupmáttur aukist um tuttugu prósent að meðaltali og um 25 prósent hjá þeim sem lægst launin hafa,“ segir Halldór Benjamin Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA. Það er mat samtakanna að forsendur hafi staðist.

Halldór segir að það felist í eðli kjarasamninga að vera samkomulag um uppbyggingu lífskjara fólks. Kaupmáttaraukning sambærileg þeirri sem hefur verið við lýði hér á landi undanfarin þrjú ár sé algjörlega óþekkt í hinum vestræna heimi.

„Og ekki aðeins þar. Aldrei í sögu íslenska lýðveldisins hefur ríkt sambærilegt skeið. Það er því ein kennilegt að það sé yfirhöfuð verið að ræða það hvort forsendur samninganna hafi staðist eður ei,“ segir Halldór. [joli@frettabladid.is](mailto:joli@frettabladid.is)



# Meira avocado



Avocado fullþroskað

**1.199** kr/kg



Avocado fullþroskað  
2 stk í pk. 300 g

**499** kr/pk



Avocado lífrænt  
2 stk í pk. 300 g

**699** kr/pk



Avocado í neti  
750 g

**599** kr/pk



Calavo Avocado frá  
Mexico 2 stk í pk.  
500 g

**599** kr/pk

## California style Guacamole

Ferskt Guacamole alla miðvikudaga  
og föstudaga

**699** kr/pk



Opið allan sólarhringinn  
Garðabæ og Skeifunni

**HAGKAUP**

Meira  
svona  
alla daga





Hjónin Ingvar Ari Arason og Anna Gyða Pétursdóttir með yngsta barn sitt við húsið sem reyndist martröð sem ekki sér fyrir endann á. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Trúa ekki dauðadómi yfir veggjatítluhúsi í Firðinum

**SKIPULAGSMÁL** Teikningar að húsi sem byggja átti í stað húss sem undirlagt er veggjatítlum í Hafnarfirði fást ekki samþykktar hjá bæjaryfirvöldum sem draga í efa mat sem eigendur létu gera á ástandi hússins.

Húsið á Austurgötu 36 var dæmt ónýtt í apríl 2017 vegna veggjatítlu og myglu. Var það gert eftir ástandsskoðun fyrirtækisins Verk-sýnar sem unnin var fyrir eigendur hússins. Þeir óskuðu eftir að fá að rífa húsið og reisa þar nýtt og stærra hús sem í umsókn um breytingu á deiliskipulagi er sagt eiga að samræmast umhverfi á sem bestan hátt.

Núverandi hús er úr timbri, járnklætt og stendur á steinkjallara. Það var byggt árið 1904 og því friðað en Minjastofnun féllst á ósk eigandans í júlí í fyrra og afnam friðunina. Minjastofnun kvaðst ekki gera athugasemdir við að húsið yrði rífið.

Í umsögn skipulagssviðs Hafnarfjarðar um umsókn húseigendanna kemur enn fremur fram að athugasemdir hafi borist frá fjórum aðilum þegar breytingin var auglýst. Var það frá Byggingasafni Hafnarfjarðar og úr þremur nærliggjandi húsum. Tekið er undir flestar þessar ábendingar í umsögninni. Þær lúta meðal annars að fyrirferð nýja hússins, byggingarefni og útliti.

Bæjarminjavörður lagði til að allra leiða yrði „leitað til að vernda viðkomandi hús og gera það upp í upprunalegri mynd og ef það er ekki gerlegt verði krafa um það í nýju deiliskipulagi að sams konar hús og nú stendur á lóðinni verði byggt þar og tryggð að um verði að ræða bárujárnsklætt timburhús, sem ekki muni á nokkurn

**Ef ekki verður unnt að gera við húsið og færa það í upprunalegt horf, verði lögd áhersla á að í hönnun hússins verði stuðst við mælikvarða og hlutföll núverandi húss og byggðarinnar í kring.**

Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar

hátt raska þeirri götummynd sem ákveðið hefur verið að varðveita við Austurgötuna og vernda þannig þann menningarsögulega arf fyrir komandi kynslóð,“ eins og segir á athugasemd hans.

„Í álitserð Minjastofnunar og rökstuðningi fyrir afnámi friðunar hússins kemur fram að byggt er á gögnum um ástand hússins, sem unnin eru fyrir lóðarhafa,“ bendir skipulagssviðið á. Mælt sé með að fengið verði álit fleiri og óháðra ráðgjafa á því hvort húsið teljist ónýtt, eða hvort það sé viðgerðarhæft.

„Ef ekki verður unnt að gera við húsið og færa það í upprunalegt horf, verði lögd áhersla á að í hönnun hússins verði stuðst við mælikvarða og hlutföll núverandi húss og byggðarinnar í kring, það verði áréttáð í skilmálum deiliskipulagsins,“ segir skipulagssviðið. Veggghæð að götu verði óbreytt og byggingarreitur við húsið verði færður í fyrra horf vegna aukins skuggavarpis.

Þá kemur fram að í gangi er dómssál þar sem eigendur hússins stefndu fyrri eigendum vegna falins galla á húsinu.

–gar

# Símtal um barnaniðing náði ekki til yfirmanns

Barnaverndarnefnd Reykjavíkur segir verkferla í skoðun vegna máls starfsmanns sem grunaður er um barnanið. Kannað sé hvað varð um nafnlaus ábendingu um manninn sem einstaklingur fullyrði að hafa gefið í símtali 2008.

**BARNAVERNDARMÁL** „Velferðarsvið og Barnaverndarnefnd Reykjavíkur taka málið mjög alvarlega og hefur verið unnið að því að afla upplýsinga frá því að lögregla tilkynnti um málið í janúar,“ segir í svari sem lagt var fram í borgarstjórn á þriðjudag.

Um var að ræða svar við fyrirspurn borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. „Hvernig gat það viðgengist að starfsmaður Reykjavíkurborgar, sem grunaður hefur verið um kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum, starfaði áfram með þeim? Hvenær var borgarstjóri upplýstur um málið, hvernig var brugðist við og hvaða ráðstafanir voru gerðar?“ var spurt.

Segir í svarinu að framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur hafi fengið „formlegar upplýsingar“ um málið á fundi með lögreglu 18. janúar og upplýst sviðsstjóra velferðarsviðs sama dag. „Daginn eftir var viðkomandi aðili handtekinn og settur í gæsluvarðhald.“

Varðandi það hvenær borgarstjóri hafi verið upplýstur um málið er í svarinu vísað til laga þar sem sjálfstæði barnaverndarnefnda sé tryggt, einkum gagnvart sveitarstjórn. „Starf þeirra er ópólitísk,“ segir í svarinu. Það hafi því komið í hlut sviðsstjóra velferðarsviðs að upplýsa borgarstjóra um málið.

„Staðreyndir málsins eru þær að fyrrverandi starfsmaður skammtímaheimilis hefur setið í gæsluvarðhaldi frá 19. janúar síðastliðnum, grunaður um kynferðisbrot gagnvart börnum um margra ára skeið til ársins 2010. Rétt er að vekja athygli á því að samkvæmt lögreglu er ekki grunur um að brotin hafi beinst að börnum sem vistuð voru á skammtímaheimilinu á vegum Reykjavíkurborgar,“ segir í svarinu.

Þá er vísað til þess að í „fjölmiðlaumræðu“ hafi komið fram að tilkynningar um málefni mannsins hafi borist Barnavernd árin 2002 og 2008 án þess að brugðist væri við. Látið hafi verið að því liggja í umræðum á Alþingi og í fjölmiðlum að barnaverndarnefnd teldi það eðlilegt að tilkynningu um starfsmann á skammtímaheimili fyrir unglinga, sem hefði gerst brotlegur við börn, væri vísað frá þar sem um lögráða einstaklinga væri að ræða. Þetta sé fjarstæðukennt.

## Röð mistaka frá upphafi máls

Aðkomu stjórnenda að rannsókn á meintu kynferðisbroti starfsmanns barnaverndaryfirvalda var stórlega ábótavart. Breytingar verða á skipulagi deildarinnar 1. apríl. Ymsar breytingar eru lagðar til í úttekt lögreglu.



Núverandi athugasemdir lögreglunnar á rannsókn máls starfsmanns barnaverndar var kynnt í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNA

- Stöðvíssla** Meðhöndlung lögreglunnar á hófuðborgarsvæðinu (LRH) á rannsókn á meintum kynferðisbrotum starfsmanns Barnaverndar Reykjavíkur (BR) gegn börnum var ekki í samræmi við almennt viðlag.
- Þá var aðkomu stjórnenda rannsóknardeildar kynferðisbrotaeildar ómátt, ábyrgð þeirra óljós og eðlilegt aðhald þeirra við rannsóknina óvöðuandi. Breytingar verða gerðar á skipulagi deildarinnar frá 1. apríl næstkomandi og til greina kemur að taka upp verkferla samþættingu þeim sem unnið er eftir í heimilishelismálum.
- Þetta er meðal niðurstæðna úttektar LRH á ferli og rannsókn málsins. Fimm manns unnu að henni en hin var tvíþétt. Karl Steinar Valsson, vandaði yfirlögregluþjónu, veitti vinnunni forstöðu. Niðurstæður skoðunarinnar hafa verið sendar til eftirlitsnefndar með stórum lögreglu.
- Samhliða var unnið úttekt á málinu sem er til rannsóknar hjá Kynferðisbrotaeildinni en þau eru alla 174 talsins. Niðurstæða þeirrar vinnu var að forgangsstigi eins máls af hverjum tíu, átján mála varðaði börn eða var samþætting mála sem kom rannsókninni til stað.
- „Mistök í þessu máli eru ekki þau hve sént rannsókn á málinu hófst heldur að BR hafi ekki verið gert viðvart,“ sagði Sigurður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri á hófuðborgarsvæðinu, þegar niðurstæðurnar voru kynntar.
- Í úttektinni er rakið að engar samræmdir verklagsreglur séu til varðveislu rannsókna kynferðisbrota mála lagðar til að skilar reglur verði settar fyrir lögreglu á landsvísu. Í máli lögreglustjórns kom fram að til greina komi að taka upp verklag sambærilegt því sem þekktist í heimilishelismálum.
- „Það er til skoðunar að ráða félagsráðgjafa sem myndi sinna þöndum og aðstandendum þeirra,“ segir Sigurður Björk. Aðspurður um hvort til greina komi að taka skyldur af þöndum annars staðar en hjá lögreglu, þá mógulega hjá Stigamótum eða í Bjarkarhlíð, segir Sigurður slíkt vera í skoðun. Til að slíkt sé unnt þyrfti að koma fyrir upp-tökuástandi á þeim stöðum.
- Starfsfólki kynferðisbrotaeildarinnar fjölga um sex þounn 1. apríl en samhliða því verður lagt í breytingar á yfirlit deildarinnar. Beði Sigurður og Karl Steinar vonast til
6. des 2017 Tölvupóstarnir áframsendil á staðgengi lögregluhlutittra en réttargæslumanni eigi svarad. Fyri símtöl lögnannissis við LRH voru ekki skráð í kerfið.
21. des 2017 Skýrsla tekin af brotapol.
16. jan 2018 Fyrtu samskipti lögreglunnar við BR skráð í LOKE.
17. jan 2018 Kannað hvort maðurinn starfi enn með börnum. BR segir manninn skráðan á kvöldmált næstu daga og ábyrgt sé að vöðja honum frá störfum meðan rannsókn stendur yfir.
18. jan 2018 Málú kynnt yfirlögregluþjónu. Karló handtekinn um 90 mínúttum síðar. Lögreglustjóra gert viðvart.
- ad sú breyting muni minnka álag á starfólki og verða til þess að vinnsla mála verði hraðari. Tekur Karl Steinar veltur yfirmann barnaverndarnefndarinnar, júlíþingstíðid.is

Lögregla víðurkenndi alvarleg mistök í meðferð máls barnaverndarstarfsmanns. Sagt var frá blaðamannafundi um málið í Fréttablaðinu 13. febrúar.

**Ekki er enn vitað hver tók við simtalínu.**

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar og Barnaverndarnefnd Reykjavíkur

„Slíka tilkynningu hefði að sjálf-sögðu átt að taka alvarlega og ljóst er að starfsmaður með slíkan bakgrunn ætti alls ekki að starfa með börnum.“

Engin spur eor sögð hafa fundist varðandi árið 2002. „Hins vegar hefur aðili gefið sig fram sem segist hafa hringt árið 2008 með nafnlaus ábendingu um þennan tiltekna starfsmann. Ekki er enn vitað hver tók við simtalínu og Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar rannsakar nú hvers vegna tilkynningin barst ekki til stjórnenda Barnaverndar. Þeirri rannsókn er ekki lokið.“

Velferðarsviðið og Barnaverndarnefnd segja að gert verði áhættumat á starfsemi Barnaverndar og verkferlar varðandi ábendingar og tilkynningar endurskoðaðir til að koma í veg fyrir að mistök.

Enn fremur segir að þegar hafi verið í undirbúningi viðamikil úttekt á barnaverndarstarfi Reykjavíkurborgar í heild sinni og starfsaðstæðum barnaverndarstarfsmanna. „Mun atburðarás síðustu daga og vikna hafa áhrif á innihald þeirrar úttektar.“

Að endingu er sagt að ekki sé æskilegt „að umræða um einstök barnaverndarmál fari fram á vettvangi borgarstjórnar“ – málaflokkurinn sé mjög viðkvæmur. „Innri endurskoðun borgarinnar er að rannsaka hvort eitthvað, og þá hvað, fór úrskeiðis vegna hugsanlegrar tilkynningar árið 2008. Þá er lögreglurannsókn í gangi vegna fyrrnefnds starfsmanns skammtímaheimilis. rannsóknnum er ekki lokið og því óskað eftir því að umræða um tilkynninguna fari fram með yfirveguðum hætti.“

Í sérstakri yfirlýsingu frá velferðarsviði segir síðan að maðurinn hafi ekki átt að vera einn með börnum í störfum sínum en fram fari ítarleg athugun á því hvort þar hafi verið nokkur undantekning á. gar@frettabladid.is

# Vöðva eða liðverkir?

Voltaren Gel er bæði verkjastillandi og bólgueyðandi

15% afsláttur af 100g og 150g Voltaren Gel

Voltaren Gel - njótum þess að hreyfa okkur

Voltaren 11,6 mg/g hlaup. Inniheldur díklófenakvíetýlamin. Staðbundnir bólgueyðingar. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leiðið til læknis eða lyfjafraeðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.sertyfjaskra.is.

www.apotekarinn.is

Apótekarinn<sup>+</sup>

- lægra, verð



# NÝR OG GLÆSILEGUR

# SUBARU XV



**SUBARU XV PREMIUM**, bensín, sjálfskiptur  
Með EyeSight öryggismyndavélum  
Eyðsla 6,5 l/100 km\* – verð frá: 4.990.000 kr.

## HANN HORFIR, SKYNJAR OG BREGST VIÐ

**EyeSight** öryggiskerfið er eitt það fullkomnasta sem völ er á. Það tengir saman tvær myndavélar sem staðsettar eru innan við framrúðuna. Myndavélar senda litmyndir í þrívídd til tölvu sem kennt hefur verið að bera kennsl á lögun hluta, greina hraða og fjarlægðir með næstum sömu nákvæmni og mannsaugað býr yfir. EyeSight kerfið gerir einnig greinarmun á gangandi vegfarendum, reiðhjólum, mótorhjólum og bílum auk þess að skynja hemlaljós svo eitthvað sé nefnt.

 **EyeSight**  
Driver Assist Technology



**SUBARU**

*Confidence in Motion*

**B/L**

**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is

**GE bílar**  
Reykjanesbæ  
www.gebilar.is  
420 0400

**Bílasalan Bílás**  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622

**Bílasala Akureyrar**  
Akureyri  
www.bilak.is  
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

**IB ehf.**  
Selfossi  
www.ib.is  
480 8080

**BL söluumboð**  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516



# Einir og ófaglærðir í ferðamannavertíð

Lögglumenn víða um land verða einir á vakt á sínum svæðum og margir hverjir ófaglærðir í þokkabót. Þrátt fyrir aukna fjárveitingu til málaflokksins vegna kynferðisbrota er hagræðingarkrafa á lögreglumdæmin sem kemur niður á almenna lögregluliðinu í landinu.

**LÖGGÆSLA** Ófaglærðir munu starfa einsamlir við lögreglustörf víða á landsbyggðinni í sumar sem eykur viðbragðstíma lögreglu til muna. Fjölgun ferðamanna er spáð áfram næsta sumar sem eykur umferð töluvert.

Þetta segir Sigurður Jónsson, lögglumadur á Vesturlandi en hann hélt erindi í Háskólanum á Akureyri í gær undir yfirskriftinni „Einn á vakt“. Erindið var hluti ráðstefnu um lög-gæslu í landsbyggðum.

Sigurður segir þessa stöðu langt í frá ákjósanlega. „Frá áramótum hafa verið tveir á vakt í Borgarnesi en það breytist með vorinu og þá verður einn á vaktinni á virkum dögum á milli sjö á morgnana og tvö á daginn yfir árið,“ segir Sigurður. „Embættin þurfa að fá peninga til að geta greitt laun og ef þau fá ekki peninga þá geta þau ekki haldið úti starfsemi.“

Sigurður segir að auðvitað sé þetta ekki einvörðungu svona á Vesturlandi. Sama staðan sé á mörgum öðrum stöðum á landinu. „Það sem manni finnst súrast er að embættið sé að ráða ófaglært fólk gagngert til að starfa eitt úti á vegunum. Það eru dæmi um það. Borgarinn á rétt á faglegri og góðri þjónustu. Öryggi lögreglumanna, því er svolítið fórnad ef þeir eru einir, að ekki sé talað um að þú sért ófaglærður. Það á ekki að setja ófaglært fólk í þá stöðu að vera eitt, það er bara illa gert gagnvart því.“ Ófaglærðir lögreglumenn hafa



Vegfarendur á Vesturlandi munu búa við skerta þjónustu lögreglunnar frá og með vorinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ekki sömu réttindi og þeir lögreglumenn sem hafa menntað sig í greininni. Til að mynda má það fólk ekki aka forgangsakstur. Ef slys ber að höndum á landsbyggðinni þar sem aðeins einn ófaglærður einstaklingur er á vakt eykst viðbragðstíminn sem því nemur eða þá að kalla þarf út bakvakt. Þetta segir Sigurður ekki vera í lagi. „Það eru skýrar reglur sem gilda um akstur lögreglubifreiða. Þú þarft ákveðin réttindi til að aka þessum bílum í forgangsakstri.“

Lögglumenn á vakt úti á landi sinna oft ótrúlegustu aukaverkum. Í

**Embættin þurfa að fá peninga til að geta greitt laun og ef þau fá ekki peninga þá geta þau ekki haldið úti starfsemi.**

Sigurður Jónsson, lögglumadur á Vesturlandi



erindi sínu við Háskólann á Akureyri í gær nefndi hann að í fyrradag hafi hann farið í útkall ásamt sálfræðingi á sveitabæ nokkurn í umdæminu. Það hafi endað á því að annar þeirra þurfti að fara í fjós að mjólka og sinna bústörfum. „Þetta gerist iðulega, að við þurfum að setja okkur í hlutverk hinna ýmsu aðila. Við lögreglumenn þurfum að geta verið sálfræðingar, sálusorgarar, prestar, bifvélavirkjar eða bændur ef svo ber undir. Þegar við erum einir á vakt geta alls konar hlutir orðið á vegi manns.“ [sveinn@frettabladid.is](mailto:sveinn@frettabladid.is)

## Hagrætt þrátt fyrir aukið fjármagn

Sigríður Á. Andersen dómsmálaráðherra kynnti á dögunum aðgerðaáætlun um meðferð kynferðisbrota innan lögreglunnar. Alls verður bætt við 15 stöðugildum hjá lögregluembættunum og skiptast þau þannig að lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fær sex stöðugildi, tvö lögregluembætti fá tvö stöðugildi og önnur lögregluembætti sem fara með rannsóknir kynferðisbrota fá eitt stöðugildi hvert.

Sigurður Jónsson bendir á að það sé auðvitað mjög gott að efla rannsóknir og löggæslustörf þegar kemur að kynferðisbrotum. „Hins vegar er það svo að það er áfram hagræðingarkrafa á embættunum. Það er ástæðan fyrir því að lögreglumenn verða einir á vakt frá og með vorinu þar til fjárframlög til embættanna breytist,“ segir Sigurður.

Sigríður Á. Andersen.



## Stjórn VR samþykkir stofnun leigufélags

**HÚSNÆÐISMÁL** Stjórn VR ákvað á fundi sínum í fyrrkvöld að stofna leigufélag fyrir félagsmenn VR; félag sem ekki yrði rekið í hagnadarskyni. Áður hafði trúnaðarráð félagsins hvatt til þess að slíkt félag yrði stofnað.

Með stofnun leigufélagsins vill félagið bregðast við gríðarlega erfiðum aðstæðum á húsnæðismarkaði á Íslandi í dag og þá einkum á meðal ungs fólks. Áformað er að leigufélag VR keppist fyrst og fremst við það að hafa leiguna sem lægsta en ekki sem mesta arðsemi.

„Áætlun uppsöfnuð þörf á nýjum íbúðum á íslenskum markaði eru 6.000 íbúðir og árleg þörf nýrra íbúða eru 2.200 íbúðir svo augljóst má vera að um neyðarástand er að ræða. Stjórn VR telur það félagslega



Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR.

skyldu sína að bregðast við með einhverjum hætti og leggja þannig eitt-hvað á vogarskálarnar í þeirri von að slíkt viðbragð verði opinberum aðilum, öðrum félögum, samtökum og sjóðum fyrirmynd og hvatning til að gera eitthvað viðlíka eða koma til samstarfs við VR um frekari verkefni,“ segir í tilkynningu á vef VR.

Nánari útfærsla á framkvæmdum, úthlutunarreglum, leiguverði og þess háttar verður í höndum húsnæðisnefndar VR. – jhh

## Aukið fé styttr ekki biðlista

**HEILBRIGÐISMÁL** Einstaklingum sem eru á biðlista eftir því að komast í meðferð á sjúkrahúsinu Vogli hefur fjölgað um 90 prósent frá árinu 2013 og tæp 30 prósent á síðustu fjórum til fimm mánuðum. Þetta hefur gerst þrátt fyrir að fjárframlög ríkisins til starfseminnar hafi verið aukin úr 658 milljónum árið 2012 í 914 milljónir. Fjölgun á mjög alvarlegum tilfellum fíknivanda er sögð höfuðástæða þess að minna er kallað inn til meðferðar af biðlistum og biðtíminn hefur lengst.

Þetta kemur fram í svari Svandísar Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Sigurðar Páls Jónssonar, þingmanns Miðflokksins, í gær.

Sigurður vildi vita hvernig ráðherra hygðist bregðast við löngum biðlistum á Vogli, til að draga úr vanda þeirra sem þurfa á meðferð að halda, ekki síst útígangsfólks.

Fram kemur í svari að í janúar 2018 voru alls 570 einstaklingar á biðlista eftir innlögn á sjúkrahúsið en þeir voru 445 í ágúst 2017. Til

**Biðlistinn hefur lengst mjög á undanförunum árum. Í ágúst 2017 voru 445 einstaklingar á biðlista, en árið 2013 voru í fyrsta sinn sögu sjúkrahússins yfir 300.**

Úr svari Svandísar Svavarsdóttur, heilbrigðisráðherra

samanburðar þá gerðist það í fyrsta sinn í sögu sjúkrahússins árið 2013 að einstaklingar á biðlista urðu fleiri en 300.

Ráðherra boðar í svari sínu að vinnu við heildarstefnumótun fyrir meðferð við áfengis- og vímuefnavanda verði hraðað. Biðlistarnir kalla á nánari skoðun og greiningu svo unnt sé að skipuleggja raunhæfar aðgerðir til úrbóta. – smj



## Samtök atvinnulífsins óska eftir hæfu fólki til að taka að sér stjórnarstörf í lífeyrissjóðum.

Samkvæmt kjarasamningi SA og ASÍ skipa samtökin helming stjórnarmanna í þeim sjö lífeyrissjóðum sem eru á samningsviði aðila og er framkvæmdastjórn SA falin tilnefning stjórnarmanna.

Samtök atvinnulífsins óska ár hvert eftir því að hæfir einstaklingar, sem starfa hjá aðildarfyrirtækjum SA eða hagsmunasamtökum þeirra, gefi kost á sér til starfa í stjórnnum lífeyrissjóða. Leitað er eftir einstaklingum með fjölbreytta reynslu og þekkingu m.a. á lífeyrismálum, stjórnun, stefnumótun, áætlanagerð og reikningshaldi, lögfræðilegum málefnum og fjármálamarkaði. Úr þeim hópi sem gefur kost á sér til stjórnarstarfa verða tilnefndir þeir sem metnir eru hæfastir í ljósi þeirra eiginleika sem sóst er eftir í viðkomandi stjórn.

Sérstök hæfisnefnd fjallar um einstaklinga sem gefið hafa kost á sér til stjórnarstarfa. Nefndin leggur mat á þekkingu og reynslu umsækjenda með hliðsjón af þeim eiginleikum sem nauðsynlegt er að viðkomandi stjórn sem heild búi yfir. Að mati loknu leggur hæfisnefndin tillögu fyrir framkvæmdastjórn SA.

Umsóknir sendist í tölvupósti á [stjornarseta@sa.is](mailto:stjornarseta@sa.is)

Athugið að umsóknir frá fyrra ári gilda áfram og þarf ekki að endurnýja. Samtök atvinnulífsins hvetja konur jafnt sem karla til að sækja um.

Um er að ræða eftirfarandi lífeyrissjóði:

Birta lífeyrissjóður, Festa lífeyrissjóður, Gildi - lífeyrissjóður, Lífeyrissjóður Rangæinga, Lífeyrissjóður verzlunarmanna, Lífeyrissjóður Vestmannaeyja, Stapi lífeyrissjóður





# NÚ ER VETUR Á ÍSLANDI

Skoðaðu úrvalið á [www.bilaland.is](http://www.bilaland.is)



Njóttu þess að takast á við vetrarfærðina á bíl með drifi á öllum. Renndu við í dag og tryggðu þér einn góðan á enn betra verði.



Range Rover Sport SDV6 HSE  
Nýskr. 05/15, ekinn 64 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:  
**10.990 þús. kr.**



BMW X1 Xdrive18d  
Nýskr. 05/17, ekinn 28 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:  
**4.990 þús. kr.**



HYUNDAI iX35 Comfort  
Nýskr. 07/15, ekinn 29 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:  
**3.790 þús. kr.**



SUBARU Levorg Lux  
Nýskr. 10/15, ekinn 31 þ.km,  
bensín, sjálfskiptur.

VERÐ:  
**3.890 þús. kr.**



SKODA Octavia Scout  
Nýskr. 08/15, ekinn 40 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:  
**3.990 þús. kr.**



NISSAN X-Trail Tekna 4wd  
Nýskr. 04/17, ekinn 14 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:  
**5.750 þús. kr.**



SUBARU Outback Premium  
Nýskr. 07/17, ekinn 26 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:  
**5.190 þús. kr.**



KIA Sportage 4wd  
Nýskr. 03/17, ekinn 48 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:  
**4.690 þús. kr.**



LAND ROVER Discovery Sport S  
Nýskr. 01/16, ekinn 35 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:  
**5.490 þús. kr.**



HYUNDAI Tucson Comfort  
Nýskr. 03/17, ekinn 56 þ.km,  
bensín, sjálfskiptur.

VERÐ:  
**4.490 þús. kr.**



BMW X3 Xdrive20d  
Nýskr. 04/16, ekinn 25 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:  
**6.990 þús. kr.**



HYUNDAI Santa Fe III Comfort  
Nýskr. 03/16, ekinn 39 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:  
**5.490 þús. kr.**



HONDA CRV Elegance  
Nýskr. 05/16, ekinn 29 þ.km,  
bensín, sjálfskiptur.

VERÐ:  
**4.590 þús. kr.**



TOYOTA Land Cruiser 150 VX  
Nýskr. 03/12, ekinn 101 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:  
**5.980 þús. kr.**



SUBARU Forester Premium  
Nýskr. 02/17, ekinn 48 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:  
**4.690 þús. kr.**



SKODA Octavia Ambition 4x4  
Nýskr. 04/16, ekinn 78 þ.km,  
dísil, beinskíptur.

VERÐ:  
**3.180 þús. kr.**



RENAULT Kadjar Zen 4wd  
Nýskr. 08/16, ekinn 60 þ.km,  
dísil, beinskíptur.

VERÐ:  
**3.390 þús. kr.**



NISSAN X-Trail SE  
Nýskr. 10/12, ekinn 44 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:  
**2.690 þús. kr.**



BMW X5 Xdrive40d  
Nýskr. 06/14, ekinn 55 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:  
**8.990 þús. kr.**



Range Rover Evoque  
Nýskr. 02/17, ekinn 15 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:  
**6.290 þús. kr.**

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík og Hyundai notaðir bílar - Kaupúni 1 - 210 Garðabæ

Sími 525 8000 - [bilaland@bilaland.is](mailto:bilaland@bilaland.is)

[www.bilaland.is](http://www.bilaland.is)

[www.facebook.com/bilaland.is](http://www.facebook.com/bilaland.is)

Opið frá kl. 9-18 og  
á laugardögum frá kl. 12-16.

# bilaland



# Bíða dauðans í stanslausu sprengjuregni

Sprengjur falla á íbúa Austur-Ghouta í Sýrlandi á tíu mínútna fresti. Hundruð hafa farist undanfarna daga. Árásir fylgismanna Sýrlandsforseta héldu áfram í dag og felldu að minnsta kosti fimm. Tveir særðust í árasum upppreisnarmanna á yfirráðasvæði Sýrlandsstjórnar.

**SÝRLAND** „Við erum bara að bíða eftir því að það sé komið að okkur að deyja. Meira hef ég ekki að segja,“ sagði Bilal Abu Salah við Reuters í gær. Salah er íbúi í Douma, stærsta bæ Austur-Ghouta í Sýrlandi þar sem sprengjum hefur rignt linnulaust yfir borgara undanfarna daga. Hann er 22 ára gamall og á von á sínu fyrsta barni með eiginkonu sinni sem er komin fimm mánuði á leið.

Að minnsta kosti 45 fórust og rúmlega 200 særðust í árasum fylgismanna Bashars al-Assad, forseta Sýrlands, í Austur-Ghouta í gær. Þýðir það að frá því á sunnudag, þegar Assad-liðar settu aukinn þunga í sókn sína, hafa rúmlega 300 farist.

Austur-Ghouta er síðasta stóra vígi upppreisnarmanna nærri höfuðborginni Damaskus. Svæðið er umkringt landsvæðum sem stjórnarherinn og bandamenn hans stýra og eru nærri 400.000 almennir borgarar innlyksa í Austur-Ghouta þar sem hjálparamtök segja að matur, eldsneyti og lyf séu af skornum skammti.

Þótt svæðið eigi að heita átakalaust, samkvæmt samkomulagi stríðandi fylkinga, herja Assad-liðar enn á upppreisnarmenn þar sem ekkert samkomulag nær til ófgasamtaka. Í Austur-Ghouta fyrirfinnst meðlimir samtakanna Tahrir al-Sham, bandalags ófgamanna undir forystu fyrrverandi bandamanna al-Kaída í Sýrlandi. Upppreisnarmenn hafa sakað stjórnarherinn og bandamenn um að nota það sem afsökun fyrir stanslausum árasum.

Fyrirnefndur Bilal Abu Salah sagði aukinheldur við Reuters í gær að nú byggju flestir íbúar í neyðarskýlum



Almennir borgarar í Hamouria í Austur-Ghouta björguðu barni úr húsarústum eftir loftárás sveita hliðhollra Bashar al-Assad Sýrlandsforseta. NORDICPHOTOS/AFP

**Hvar er alþjóðasamfélagið? Hvar er öryggisráð Sameinuðu þjóðanna? Það hefur yfirgefið okkur. Það skilur okkur eftir hér til að deyja.**

Bassam, læknir í Austur-Ghouta

þar sem afar þröngt væri um fólk. Engan mat væri að fá og allir markaðir væru lokaðir. Þar að auki óttast þessi ungu hjón mjög að átökin

valdi því að barnið fæðist löngu fyrir tímann.

Læknir sem vinnur á átakasvæðinu sagði frá því í viðtali við BBC í gær að ástandið væri orðið hamfarakennt og sagðist líta svo á að alþjóðasamfélagið hafi yfirgefið íbúa Austur-Ghouta. „Við höfum ekkert. Engan mat, engin lyf, ekkert húsaskjól. Við höfum ekki einu sinni brauð. Við höfum ekkert,“ sagði læknirinn sem kom einungis fram undir eftirnafninu Bassam.

Sagði hann enn fremur að sprengja félli á tuttugu, jafnvel tíu mínútna fresti. „Þeir skjóta á allt.

Búðir, markaði, sjúkrahús, skóla, moskur, allt. Jafnvel þótt ég sinni einhverjum kemur hann bara aftur næsta eða þarna næsta dag, slasaður á ný,“ sagði Bassam og bætti við:

„Hvar er alþjóðasamfélagið? Hvar er öryggisráð Sameinuðu þjóðanna? Það hefur yfirgefið okkur. Það skilur okkur eftir hér til að deyja.“

Sameinuðu þjóðirnar hafa kallað eftir vopnahléi á svæðinu í von um að hægt verði að koma neyðaradstöð til almennra borgara og að hægt verði að flytja alvarlega særða á brott. Hafa SB jafnframt fordæmt árásir á innviði á svæðinu og varað

við því að slíkar árásir gætu talist stríðsglæpir.

Uppreisnarmenn hafa einnig skotið úr sprengjuvörpum á hverfi Damaskusborgar, nærri Austur-Ghouta. Tveir særðust í árasum gærdagsins og þrír féllu á þriðjudag, að því er sýrleskir ríkisfjölmiðlar greina frá.

„Í dag skutu ólöglegar vopnaðar sveitir í Austur-Ghouta á íbúa, hótél og rússneskar skrifstofur í Damaskus,“ sagði í tilkynningu frá rússneska varnarmálaráðuneytinu á þriðjudag. Rússar eru bandamenn ríkisstjórnarinnar. [thorgnyr@frettabladid.is](mailto:thorgnyr@frettabladid.is)

## Trudeau lofar að styðja ekki síkaríki

**INDLAND** Justin Trudeau, forsætisráðherra Kanada, lofaði forsætisráðherra Punjab-ríkis Indlands í gær að yfirvöld í Kanada myndu ekki styðja aðskilnaðarhreyfingu þeirra sem vildu stofna sjálfstætt ríki síka, það er að segja þeirra sem aðhyllast trúarbrögðin síkisma.

Þótt slíkar hreyfingar hafi verið áhrifamestar á áttunda og níunda áratug síðustu aldar hafa yfirvöld í ríkinu enn nokkrar áhyggjur af starfsemi aðskilnaðarsinna. Sjálfstætt ríki síka var síðast til á átjándu og nítjándu öld. Var höfuðborg ríkisins, Khalistan, í Lahore sem nú tilheyrir Pakistan. Stærstur hluti veldisins er raunar nú hluti Pakistans þótt það hafi teygst sig langt inn í Punjab og önnur ríki Indlands.

„Ég var mjög hrifinn af því sem forsætisráðherrann sagði á fundinum. Ég vakti máls á Khalistan, af því að það er málið sem er í hvað mestum forgangi hjá okkur. Orð hans eru okkur Indverjum mikill léttir og við hlökkum til að sjá hvernig hann ætlar að styðja okkur í baráttunni gegn jadarhreyfingum aðskilnaðarsinna,“ sagði Amarinder Singh, forsætisráðherra Punjab, í gær.

Nokkur fjöldi síka er í Kanada. Sá áhrifamesti er án nokkurs vafa



Trudeau-fjölskyldan heimsótti hið gullna musteri síka í gær. NORDICPHOTOS/AFP

**Ég var mjög hrifinn af því sem forsætisráðherrann sagði á fundinum.**

Amarinder Singh, forsætisráðherra Punjab

Harjit Singh Sajjan, þingmaður og varnarmálaráðherra. Indverskir miðlar hafa undanfarið sagt að Trudeau hafi fengið dræmar mótökur í heimsókn sinni til Indlands vegna áhyggja af því að hann myndi ekki taka harða afstöðu gegn „ófga-hreyfingum síka“. – þea

## LED LJÓS

GÖNGUSTÍGA - VINNUSTAÐI - Í KRANA



**LUDVIKSSON EHF - LEDLJÓS**  
FLATAHRAUN 31  
220 HAFNARFIRÐI  
S: 5658911



# BECCA

Becca kynningadagar í  
Hagkaup Kringlu og Smáralind  
dagana 22. - 28. febrúar

BECCA Cosmetics  
Sérfræðingar í ljóma

Leyfðu ljósinu sem lýsir innra  
með þér alltaf að lýsa sterkara  
en ljósið sem lýsir á þig.

BECCA kynnir



*Ocean Jewels*  
COLLECTION

**30%**  
**afsláttur**

af öllum Shimmering  
Skin Perfector Poured  
ljómakremum



**HAGKAUP**

*Meira  
svona  
alla daga*



## MARKAÐURINN

## Félögin skoða nú erlenda fjármögnun

Stærstu fasteignafélög landsins skoða það að sækja fjármagn til erlendra fjárfesta. Mikill áhugi er á meðal fjárfesta að festa kaup á skráðum skuldabréfum félaganna. Framkvæmdastjóri hjá Eik segir innflæðishöftin hafa hamlandi áhrif á fjármögnunarkosti fyrirtækja.

Skráðu fasteignafélögin Þrjú, Eik, Reginn og Reitir, hafa það öll til skoðunar að sækja fjármagn til erlendra fjárfesta. Forsvarsmenn félaganna segjast finna fyrir miklum áhuga af hálfu slíkra fjárfesta á því að kaupa skráð skuldabréf fasteignafélaganna. Höft sem Seðlabanki Íslands setti á innflæði fjármagns sumarið 2016 hamli hins vegar erlendum fjárfestingum og haldi vaxtakjörum hærrí en annars.

„Ég tel að aflétting bindiskyldunnar, sér í lagi á fyrirtækjaskuldabréf, myndi hafa jákvæð áhrif á markaðinn,“ segir Einar Þorsteinnsson, fjármálastjóri Reita, í samtali við Markaðinn.

Lýður Heiðar Gunnarsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Eikar, segir að innflæðishöftin hafi hamlandi áhrif á fjármögnunarkosti íslenskra fyrirtækja og haldi vaxtakjörum þeirra hærrí en ella.

Helgi S. Gunnarsson, forstjóri Regins, upplýsti á fjárfestafundi félagsins í síðustu viku að félagið hefði hug á því að skoða erlenda fjármögnun í krónum. „Við teljum að það muni opnast á næstu árum, hvort sem það gerist á einu ári eða þremur. Þess vegna þurfum við að vera búin undir það,“ nefndi hann. „Um leið og bindiskyldan losnar koma erlendir aðilar á fleygiferð inn í skuldabréfin. Það er okkar

skoðun. Og þá eigum við von á að vextir keyrist niður.“

Umrædd innflæðishöft virka þannig að 40 prósent af innflæði fjármagns vegna fjárfestinga í skráðum skuldabréfum og innlánnum þarf að binda í eitt ár á nýll prósent vöxtum. Höftunum var meðal annars ætlað að sporna við vaxtamunarviðskiptum með íslensk ríkisskuldabréf, þar sem aðdráttarflíð er einkum að hagnast á miklum vaxtamun Íslands við útlönd, en höftin standa jafnframt í vegi fyrir kaupum erlendra fjárfesta á skráðum skuldabréfum fasteignafélaganna.

Þannig hefur fjármögnunarkostnaður fasteignafélaganna, sem eru jafnan talin útgefendur hvað öruggastra fyrirtækjaskuldabréfa á markaði, stóraukist á síðustu tveimur árum, mælt í vaxtaálagi á ríkistryggða vexti.

Viðmælendur Markaðarins telja margt benda til þess að erlendir fjárfestar hafi um þessar mundir mikinn áhuga á því að taka þátt í fjármögnun íslenskra fasteignafélaganna. Fjögurra milljarða króna lánsamningur Almenna leigufélagsins við sjóð í stýringu bandaríska eignastýringarfyrirtækisins Eaton Vance Management, sem tilkynnt var um í síðasta mánuði, sé til marks um þennan áhuga. Fjármálaframtækid Fossar markaðir hafði milligöngu um lánveitinguna.



Margt bendir til þess að erlendir fjárfestar hafi áhuga á því að kaupa skráð langtímaskuldabréf íslenskra fasteignafélaganna. Innflæðishöft Seðlabankans koma hins vegar í veg fyrir að það sé mögulegt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Um leið og bindiskyldan losnar koma erlendir aðilar á fleygiferð inn í skuldabréfin.**

Helgi S. Gunnarsson, forstjóri Regins



**Ég tel að aflétting bindiskyldunnar, sér í lagi á fyrirtækjaskuldabréf, myndi hafa jákvæð áhrif á markaðinn.**

Einar Þorsteinnsson, fjármálastjóri Reita

**Við leitumst ávallt við að ná fram sem hagstæðastri fjármagnsskipan hverju sinni.**

Lýður Heiðar Gunnarsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Eikar

„Það er tvímælalaust mikill áhugi af hálfu erlendra fjárfesta á að fjárfesta í skuldabréfum fasteignafélaganna í krónum sem rímar við áhuga þeirra á að fjárfesta í hlutfélaganna,“ segir Einar. „Rekstur skráðu fasteignafélaganna þriggja er tiltölulega stöðugur og skilar jafnri og taktfastr afkomu og líkist þannig skuldabréfum að einhverju leyti,“ bætir hann við.

Einar segir að Reitir séu að skoða ýmsar leiðir í fjármögnun, þar á meðal í gegnum erlenda fjárfesta. Bindiskyldan hafi þó hamlandi áhrif.

Hann nefnir að félagið hafi á árinu 2015 komið á fót nýju fyrirkomulagi í kringum fjármögnun félagsins sem hafi einfaldað verulega útgáfu og skráningu skuldabréfa þess. „Þannig að þegar létt verður á bindiskyldunni gætum við þá brugðist fljótt við og gefið út bréf ef áhugi er fyrir hendi,“ segir Einar.

„Við leitumst ávallt við að ná fram sem hagstæðastri fjármagnsskipan hverju sinni og þar með talið að leita leiða til þess að lágmarka fjármagnsgjöld félagsins,“ segir Lýður hjá Eik. Félagið efndi til útboðs á skuldabréfum í október í fyrra en í tilkynningu var tekið fram að Fossur mörkuðum hefði verið falið að sjá um markaðssetningu á útboðinu til erlendra fjárfesta.

kristinningi@frettabladid.is

ENDURNÝJADU TENGSLIN  
VIÐ ÞAÐ MIKILVÆGA Í LÍFINU



ŠKODA



**NÝR ŠKODA KODIAQ MEÐ MÖGULEIKA Á 7 SÆTUM.**

Það er mikilvægt að vera í góðum tengslum við fólkið sitt og náttúruna. Á fjórhjóladrifnum KODIAQ með val um sjö sæti og glerþak, getur þú sameinað þetta tvennt og notið þess að ferðast með ánægju. Endurnýjaðu tengslin við það mikilvægasta í lífinu á nýjum ŠKODA KODIAQ.

ŠKODA KODIAQ frá:  
**5.590.000 kr.**





Gerð góð kaup!



Strax í dag!

# POTTAR OG PÖNNUR

## 20-50% afsláttur

**Tefal**

Gerð góð kaup!



kr. 24.900,-

**POTTASETT  
5 POTTAR MEÐ LOKI**

**Tefal** Talent Pro

Gerð góð kaup!



30%

**Allinox**

Stórir stálpottar á finu verði.

Stærðir: 9, 11, 13,5, 16, 19 ltr.



20%

**de BUYER**  
DEPUIS 1830

50%

8308 24 cm Ferköntuð steikarpanna f. span



8304 20cm steikarpanna djúp f. span



50%

Gerð góð kaup!

**Tefal**

JAMIE OLIVER panna  
30 cm - Á TILBOÐI

kr. 7.990,-

Verð áður: 12.900,-



**Tefal**  
**Jamie Oliver**

Everyday Stainless Steel



30%

**brabantia** Eldhúsáhöld í góðu úrvali



30%

**brabantia**

Prifalegu  
ruslaföturnar  
Gott úrval gerða  
stærða og lita.



20%

95  
ÁRA  
**ORMSSON**  
1922 - 2017



Opnunartímar:  
Virka daga kl. 10-18  
Laugardaga kl. 11-15.

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

Netverslun  
**ORMSSON.IS**



**ORMSSON**  
Greiðslukjör  
Vaxtalaust  
í allt að 12 mánuði

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	ORMSSON PRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038	ORMSSON PAN-NEKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300	BLÓMSTURVELLIR HELLISSANDI SÍMI 436 6655
--------------------------------------	--	------------------------------------	--	--------------------------------------	-------------------------------------	--	---	--	---	--	------------------------------------	--



## Slysasleppingar



Kristin Þorsteinsdóttir  
kristin@frettabladid.is

Fáir horfa á sauðkindina sem nýbúa á Íslandi. Hún sá til þess að þjóðin hvorki svalt né króknaði. Fyrir það hefur hún notið virðingar og ýmsir stigið á stökk til að verja hana fyrir óviðeigandi árásum.

Þegar sauðkindin kom til landsins með landnámsfólki tók íslenski laxinn á móti þeim. Hann hafði búið hér löngu fyrir komu þessara gesta og hefur ekki síður verið búbot landsmanna alla tíð. Því er forvitnilegt að bera saman virðingarstig sauðkindarinnar og íslenska laxins.

Nú berast fréttir af því að sjókví fyrir laxeldi á Vestfjörðum hafi sokkið og önnur skemmst. Það kom fram að í einni sjókví eru 500-600 tonn af norðskum eldislaxi. Það gæti jafngilt allt að 130.000 tíu punda lögum. Framleiðandinn telur að enginn lax hafi sloppið. Umhverfisstofnun hefur þó kallað eftir frekar gögnum í málinu.

Landssamband fiskeldisstöðva ræð fyrirverandi forseta Alþingis sem framkvæmdastjóra eftir að hann hætti þar. Málflutningur framkvæmdastjórans um verðmætasköpun og ný störf hefur verið fyrirferðarmikill og atvinnugreinin í mikilli sókn. Áhyggjur hans af verndun íslenska laxastofnsins og íslenskrar náttúru eru engar.

Framkvæmdastjórinn telur eðlilegt að norskur eldislax sé fluttur til Íslands og alinn við strendur landsins í opnum sjókvíum. Kvíum sem vítað er að halda ekki öllum fiski. Það „slys“ sem varð nú segir sína sögu um það gríðarlega magn og þar með þá gríðarlegu áhættu sem íslenski laxastofninn og þar með íslensku náttúru býr við. Auk þess er þekkt að mengun eldisins er umtalsverð.

Svokallaðar slysasleppingar eru tíðar í fiskeldi í sjókvíum og ljóst að enginn hvati er hjá fyrirtækjum sem slíkt stunda að tilkynna þegar fiskur sleppur út. Slysið í Tálknafirði er skýrt dæmi um það. Viðhorfið gagnvart náttúrunni endurspeglar í nýlegu viðtali við framkvæmdastjóra Landssambands fiskeldisstöðva þegar hann sagði að „slysasleppingum“ færi fækkandi og nær væri að horfa á það jákvæða. Hann gleymdi hörmulegum afleiðingum fiskeldis á norska laxastofninn og norska náttúru.

Það má spyrja hvort fyrirverandi forseti Alþingis hefði tekið það í mál á meðan hann var þingmaður, að fluttar væru inn norskar kindur í miklu magni og þeim komið fyrir á Vestfjörðum til að auka þar atvinnu. Ef þær færu út fyrir það svæði sem þeim væri ætlað yrði líklega hverfandi blöndun við íslenska stofninn.

Stjórnvöld virðast ekki hafa markað sér stefnu í fiskeldi og því spurning hvort skaðinn hefur þegar orðið. Hver ber þá ábyrgð? Enn er talið eðlilegt að auka við framleiðsluna sem þegar er hafin. Náttúran virðist verða undir í baráttunni.

Íslenskur sjávarútvegur er ábyrgur og sjálfbær. Af hverju er ekki horft til þess árangurs sem við höfum náð í sjávarútvegi í sátt við náttúruna? Sú stefna skilar góðu afurðaverði og fjölda starfa. Er ekki rétt að horfa til þess að nýta íslenska laxastofninn í fiskeldi, ef við viljum efla þá atvinnugrein? Skapa landinu sérstöðu á þessu sviði og búa til störf við seiðald og framleiðslu úr íslenskum stofni.



Það má spyrja hvort fyrirverandi forseti Alþingis hefði tekið það í mál á meðan hann var þingmaður, að fluttar væru inn norskar kindur í miklu magni og þeim komið fyrir á Vestfjörðum til að auka þar atvinnu.

## Halldór



## Frá degi til dags

## Fánýtt forhúðarfár

Frumvarpið um að umskurður ungra drengja verði bannaður með lögum á Íslandi hefur valdið heilmiklu fjáðrafoki, bæði héraðs og úti í hinum stóra heimi. Í öllu forhúðarfokinu hefur litlið farið fyrir þeirri staðreynd að á síðustu tveimur árum hefur ekki einn einasti umskurður verið gerður á Landspítalanum. Frumvarpið virðist því ekki líklegt til þess að bjarga mörgum forhúðum en mun betur til þess fallið að stuðla að flokkadráttum, úlfúð og jafnvel millirikjadelum með trúarbragðaivafi.

## Vigdís og dularfulla mappan

Á meðan Vigdís Hauksdóttir sat á þingi var henni tíðrætt um „leyniherbergi“ hvar ýmis skjöl um skuggaverk Jóhannu-stjórnarinnar væru falin í „leynimöppum“. Tilvist leyniherbergisins hefur verið nokkuð umdeild en Vigdís fagnar nú áfangasigrinum eftir að Oddný G. Harðardóttir, þingkona Samfylkingarinnar og fyrirverandi fjármálaráðherra, játaði tilvist „leynimöppu“ með gögnum um söluna á Arion banka. Mappan liggur nú hjá efnahags- og viðskiptanefnd, lokuð almenningi. „Góðan daginn – allt kemur heim og saman – Vg í ríkisstjórn og öskra á gegnsæi – en halda áfram að stafla upp leynimöppum,“ skrifar Vigdís og bendir á að um möppuna megi lesa í umdeildri skýrslu hennar um einkavæðingu bankanna hina síðari. thorarinn@frettabladid.is

## Myndlist er skapandi afl



Lilja Alfredsdóttir  
mennta- og menningarmálaráðherra

Myndlistin gegnir mikilvægu hlutverki í þjóðlífinu, hvort sem er á heimilum, á vinnustöðum eða í hinu opinbera rými. Hún hreyfir við okkur, vekur spurningar og gleður augað. Það yrði vissulega fátæklegt um að litast ef hún væri ekki til staðar.

Listin er löng en lífið er stutt. Á okkar lífsferli njótum við ekki aðeins þeirrar listar sem er sköpuð á okkar tímum, heldur einnig þess sem fyrri tímar hafa skilið eftir okkur til handa, til að læra af, njóta og byggja enn frekar á til framtíðar.

Hlutverk stjórnvalda á sviði myndlistar er almennt að reyna að skapa þeim sem vilja helga sig listinni eins gott starfsumhverfi og kostur er hverju sinni. Að frátöldum rekstri veigamikilla stofnana eins og Listasafns Íslands, lýtur hlutverk ríkisins á þessu sviði einkum að því að búa í haginn fyrir starf sem aðrir eiga frumkvæði að og stuðla að því eftir fongum að slíkt frumkvæði fái notið sín. Aðgengi að menningu er mikilvægur þáttur þess að lifa í skapandi samfélagi. Þess vegna skiptir máli að allir landsmenn geti notið lista og menningar og tekið þátt í slíku starfi. Í sáttmála ríkisstjórnarinnar er kveðið á um að efla umhverfi menningar og skapandi greina og það munum við gera.

Til að vekja athygli á mikilvægi skapandi myndlistar verða Íslensku myndlistarverðlaunin afhent í fyrsta sinn í dag, til að fagna því sem vel er gert á sviði myndlistar á Íslandi og til að stuðla að kynningu á íslenskum myndlistarmönnum og myndsköpun þeirra. Með þessum viðburði er fram haldið þeirri tilraun sem hófst með afhendingu svonefndra Sjónlistarverðlauna fyrir um áratug, enda er vert að myndlistin, líkt og aðrar listgreinar, hafi tækifæri til að fagna því sem vel er gert.

Í myndlistinni eru það myndlistarmennirnir sem eru hið skapandi afl. Við óskum þeim til hamingju með daginn og þökkum mikilsvert framlag þeirra til íslenskrar menningar og þjóðlífs.



Í sáttmála ríkisstjórnarinnar er kveðið á um að efla umhverfi menningar og skapandi greina og það munum við gera.

MUNDU EFTIR GÖMLU GÓÐU AFMÆLSKRINGLUNNI - fyrir 25-30 manns

www.bjornsbakari.is

mánudaga-föstudaga	7.30 - 17.30
laugardaga	8.00 - 16.00
sunnudaga	9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35  
Fálkagata 18

Simi: 561 1433



# Skuldaprísundir

Í DAG



Porvaldur Gylfason

Ein helzta skylda almannavaldsins er að tryggja jafnræði milli manna. Þetta stendur skýrum stöfum t.d. í sjálfstæðisyfirlýsingu Bandaríkjanna frá 1776. Hún hefst svo að loknum aðfaraorðum (í þýðingu Jóns Ólafssonar ritstjóra frá 1884): „Vér ætlum þessi sannindi auðsæ af sjálfum sér: – að allir menn eru skapaðir jafnir; að þeir eru af skapara sínum gæddir ýmsum ósviftanlegum réttindum; að á meðal þessara réttinda eru líf, frelsi og viðleitni til velvegnaunar; ...“ Sams konar ákvæði er einnig að finna í stjórnarskrá Íslands frá 1944 en þó ekki fyrir en í 65. grein af 81: „Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda ...“ Nýja stjórnarskráin frá 2011 sem Alþingi er enn að reyna að koma sér undan að staðfesta orðar þessa hugsun betur, finnst mér (og fyrir, í 6. grein af 114): „Öll erum við jöfn fyrir lögum og skulum njóta mannréttinda ...“ Aðfaraorðin framan við sjálfan stjórnarskráartextann leggja línuna: „Við sem byggjum Ísland viljum skapa réttlátt samfélag þar sem allir sitja við sama borð.“ Jafnræðiskrafan birtist strax í blábyrjun frumvarpsins.

## Að jafna aðstöðumun

Skylda almannavaldsins snýr m.a. að því að tryggja rétt þeirra sem höllum fæti standa gagnvart öðrum sem síður þurfa á sérstakri vernd að halda. Tökum dæmi. Sérstök ákvæði eru í lögum til að vernda sjúklinga gegn læknum þar eð lækarnir vita svo miklu meira um veikindi en flestir sjúklingar. Sama mætti segja um bílavíðgerðamenn og bíleigendur, en þar er aðstöðumunurinn jafnan talinn vera víðurhlutaminni svo löggjafinn lætur sér nægja



**Sérstök ákvæði eru í lögum til að vernda viðskiptavinum banka gegn bankamönnum, þ.e. til að vernda saklaust fólk gegn óprúttum sölumönnum og þá um leið gegn sjálfu sér. Þaðan er t.d. ætlað bannið gegn verðtryggingu neyzlulána sem bönkum hélzt uppi að brjóta gegn árum saman án þess að Seðlabanki Íslands segði múkk eða Alþingi. Lagavernd almennings hefur ekki dugað betur en svo að enn eru dómstólar að dæma að því er virðist saklaust fólk frá eignum sínum þótt bráðum séu tíu ár liðin frá hrúni.**

almenn úrræði varðandi slík samskipti. Vandinn varðandi aðstöðumun í heilbrigðisþjónustunni er einkum brýnn í þeim löndum þar sem hún er að miklu leyti einkarekin því þá eru stundum miklir fjárhagsmunir í húfi.

## Lyfjafyrirtæki ...

Á þetta hefur reynt í Bandaríkjunum síðustu ár. Lyfjafyrirtæki fengu þingið til að létta hömlum af sölu vanabindandi verkjalyfja. Slík lyf hafa flætt

yfir landið og leitt til faraldurs ótímabærra dauðsfalla af völdum of stórra skammta. Slík dauðsföll eru nú þriðja algengasta dánarorsök Bandaríkjanna á eftir hjartasjúkdómum og krabbameini. Meðalævi Bandaríkjanna hefur stytzt tvö síðustu ár.

Fyrirtækin vissu hvað þau voru að gera þegar þau fengu þingið til að fella úr lögum þá vernd sem sjúklingar höfðu áður gegn lyfjafyrirtækjum. Þau buðu starfsmönnum Lyfjaeftirlitsins (Drug Enforcement Administration) gull og græna skóga fyrir að ganga til liðs við þau og grafa undan eftirlitinu. Þetta skiptir máli ekki aðeins fyrir heill og hamingju einstaklinga heldur fyrir samfélagið allt. Fylgi Trumps forseta í forsetakosningunum 2016 stóð í beinu sambandi við útbreiðslu dauðsfalla-faraldursins sýslu fyrir sýslu um landið allt eins og hagfræðingurinn og Nóbelsverðlaunahafinn Angus Deaton í Princeton-háskóla hefur kortlagt ásamt konu sinni Anne Case. Forsetinn hefur því hag af því líkt og lyfjafyrirtækin að folkið haldi áfram að hrynja niður af völdum of stórra skammta nema hægt sé að opna augu kjósenda fyrir samhenginu.

## ... og bankar

Sama munstur er vel þekkt í bankaheiminum. Fram að hrúni 2008 löðuðu bankar til sín fjármálaeftirlitsmenn gagnert til að veikja eftirlitið. Hliðstæðan við lyfjabransann nær lengra því bankamenn vita yfirleitt meira um fjármál og fjármálagerninga en flestir viðskiptavinir þeirra. Sérstök ákvæði eru í lögum til að vernda viðskiptavinum banka gegn bankamönnum, þ.e. til að

vernda saklaust fólk gegn óprúttum sölumönnum og þá um leið gegn sjálfu sér. Þaðan er t.d. ætlað bannið gegn verðtryggingu neyzlulána sem bönkum hélzt uppi að brjóta gegn árum saman án þess að Seðlabanki Íslands segði múkk eða Alþingi. Lagavernd almennings hefur ekki dugað betur en svo að enn eru dómstólar að dæma að því er virðist saklaust fólk frá eignum sínum þótt bráðum séu tíu ár liðin frá hrúni. Aukin umsvif smálánafyrirtækja sem hafa hneppt fjölda fólks í fjötra vitna enn frekar um vanhirðu almannavaldsins.

Bankar og önnur fjármálafrirtæki ganga á lagið. Stjórnendur þeirra vita að þeim fyrirgefist jafnan meira en skuldunautum þeirra og þeir gera út á þessa slagsíðu. Þetta er gömul saga. Fadírvið hvetur menn til að fyrirgefa skuldunautum sínum en nefnir ekki lánardrottina; þeir geta jafnan séð um sig sjálfir.

Bankar sjá sér yfirleitt hag í að þenja útlán sín umfram viðtekin öryggismörk þar eð stjórnendur þeirra vita af reynslunni að óforsjálir skuldarar – nema nokkrir útvaldir! – þurfa jafnan að taka skellinn ef boginn er spenntur of hátt. Þessi hliðarhalli skýrir hvers vegna skuldir heimila og fyrirtækja eru svo miklar sem raun ber vitni um og fara víða vaxandi. Skv. Eurostat, OECD og Seðlabanka Íslands voru skuldir heimilanna sem hlutfall af ráðstöfunartekjum enn sem jafnan fyrr mun hærri á Íslandi en í flestum öðrum Evrópulöndum 2016. Miklar skuldir eru þyngri byrði fyrir skuldara hér heima en víða annars staðar þar eð vextir eru vegna fákeppni miklu hærri hér en þar.

## Aðalfundur Fjarfskipta hf.

Aðalfundur Fjarfskipta hf. verður haldinn fimmtudaginn 22. mars 2018 kl. 16:00, í aðalstöðvum félagsins að Suðurlandsbraut 8, 108 Reykjavík.

### Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess á liðnu starfsári.
2. Ákvörðun um hvernig skuli fara með hagnað félagsins á reikningsárinu 2017.
3. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagður fram til staðfestingar.
4. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins, sem kunna að berast.
5. Tillaga um stefnu um arðgreiðslur og/eða endurkaup eigin hluta.
6. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins.
7. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir árið 2018.
8. Kosning stjórnar félagsins.
9. Kosning tveggja fulltrúa í tilnefningarnefnd félagsins í samræmi við starfsreglur stjórnar og starfsreglur tilnefningarnefndar.
10. Kosning endurskoðanda félagsins.
11. Önnur mál löglega upp borin.

### Aðrar upplýsingar:

Skjöl og tillögur sem lögð verða fyrir aðalfund verður að finna á vefsíðu félagsins [vodafone.is/fjarfestatengsl](http://vodafone.is/fjarfestatengsl) eigi síðar en þremur vikum fyrir fundinn. Hluthöfum stendur einnig til boða að nálgast skjölin frá því tímamarki í höfuðstöðvum félagsins að Suðurlandsbraut 8, 108 Reykjavík, virka daga milli kl. 09:00 – 16:00. Fundurinn fer fram á íslensku og verða fundargögn jafnframt á íslensku. Ekki verður unnt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt umboð á eyðublaði sem unnt er að nálgast á vef félagsins.

Óski hluthafi eftir að koma máli eða tillögu á dagskrá aðalfundar skal slík beiðni koma fram eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund, eða fyrir kl. 16:00 fimmtudaginn 8. mars 2018.

Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar tveimur vikum fyrir fundinn.

Sérstök tilnefningarnefnd er að störfum í samræmi við starfsreglur stjórnar og tilnefningarnefndar. Hluthafar og aðrir sem óska eftir tilnefningu nefndarinnar til framboðs til stjórnar að aðalfundi félagsins hafa átt þess kost að koma áhuga sínum og eftir atvikum framboði á framfæri við nefndina. Tilkypping um framboð skal vera á sérstöku eyðublaði sem tilnefningarnefnd félagsins lætur í té og unnt er að nálgast á vef félagsins. Skal senda framboðstilkynningu á netfangið: [tilnefningarnefnd@vodafone.is](mailto:tilnefningarnefnd@vodafone.is) eigi síðar en þremur vikum fyrir fund, þ.e. fyrir kl. 16 þann 1. mars nk. Vegna eðlis og umfangs starfa nefndarinnar getur nefndin ekki lagt mat á framboð sem berast eftir það tímamark. Mun tillaga nefndarinnar um tilnefningar stjórnarmanna til hluthafafundar liggja fyrir eigi síðar en samhliða endanlegu fundarboði tveimur vikum fyrir aðalfund. Tilnefningarnefnd mun leggja til að Kristinn Hallgrímsson hrl. verði fundarstjóri aðalfundarinnar.

Samkvæmt 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995 ber að tilkynna um framboð til stjórnar skriflega minnst fimm sólarhringum fyrir aðalfund, eða fyrir kl. 16:00 laugardaginn 17. mars 2018. Framboð skulu berast á netfangið: [tilnefningarnefnd@vodafone.is](mailto:tilnefningarnefnd@vodafone.is)

Í samræmi við starfsreglur stjórnar og starfsreglur tilnefningarnefndar gefst hluthöfum tækifæri á að kjósa tvo af þremur fulltrúum í tilnefningarnefnd. Framboðsfrestur til tilnefningarnefndar er til kl. 16:00 laugardaginn 17. mars 2018 og ber að skila framboðum á netfangið: [tilnefningarnefnd@vodafone.is](mailto:tilnefningarnefnd@vodafone.is)

Reglur um stjórnarkjör gilda eftir því sem við getur átt um kosningu tilnefningarnefndarfulltrúanna.

Endanlegar upplýsingar um framboðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.

Aðgöngumiðar, atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent frá kl. 15:30 á aðalfundardegi.

Stjórn Fjarfskipta hf.





# Óhæf aðferð við hæfismat



Eggert Briem  
prófessor  
emeritus



Er t.d. ekki skritið að sá umsækjandi sem eingöngu hefur helgað sig dómara-störfum var ekki valinn í liðið?

Mikið hefur verið fjallað um skipan dómara í Landsrétt, en lítið um aðferð hæfisnefndar við mat á þeim 15 sem sem hæfastir þóttu, 10 körlum og 5 konum. Á þessum tölum sést strax að hæfismatið á höpnum sem heild er óhæft. Mikilsvægast er að Landsréttur njóti trausts þjóðarinnar. Að velja tíu karla og fimm konur í réttinn á okkar tímum er örugg leið til að útiloka að rétturinn njóti mikils trausts.

En skodum aðra þætti en kyn. Setjum sem svo að velja eigi 15 manna fótboltalið úr 30 manna hópi (11 og 4 varamenn). Ef hæfisnefnd mæti einungis hvern einstakan og alla á sama mælikvarða, gæti farið svo að liðið samanstæði af eintómum frábærum miðframherjum. Engir varnarmenn kæmust í liðið og sá sem eingöngu hefði staðið í marki fengi lægst mat sökum einhæfni.

Hvernig getur hæfisnefndin hafa

staðið svona illa að málum? Í bestunarfræðum þar sem velja á hóp, hvort sem um er að ræða dómara í Landsrétt eða fótboltamenn í lið, er sú leið að meta einungis hvern einstakan og alla á sama mælikvarða talin ein sú versta. Er t.d. ekki skritið að sá umsækjandi sem eingöngu hefur helgað sig dómara-störfum var ekki valinn í liðið?

Erfitt hlýtur að vera, jafnt fyrir ráðherra sem Alþingi, að vinna úr slíku mati. Réttast væri að byrja upp á nýtt og benda nýrri hæfisnefnd á að traust á réttinum skiptir öllu máli og að þjóðin mun líta á réttinn sem heild.

## Umskurn sveinbarna



Jón Sigurðsson  
fv. skólastjóri

umskurn sveinbarna byggist á vanþekkingu og misskilningi. Refsiákvæði þess hljóta auk þess að teljast óhæfileg og niðurlægjandi. Enginn vafi er um góðan ásetning, en misskilin góðsemi og æskuhroki meðflytjenda koma einnig við sögu. Í núverandi aðstæðum héraendis snertir þetta nær einvörðungu fjölskyldur aðfluttra múslíma.

Í Fréttablaðinu (laug. 17.2. 2018) telur Óttarr Guðmundsson geðlæknir sæma að tengja þetta frumvarp sérstaklega við Framsóknarflokkinn og löngu látinn leiðtoga Framsóknarmanna. Hermann Jónasson forsætisráðherra tók þá erfiðu ákvörðun skömmu fyrir upphaf heimsstyrjaldarinnar síðari að meina nokkrum Gyðingum landgöngu hér. Í þessu fylgdi hann fordæmi Breta, Svía og fleiri nágrannaþjóða.

Full alvara málsins var ekki kunn hér þá, en ábyrgðin er hin sama. Eftir styrjöldina átti Thor Thors sendiherra góðan hlut að því að rétta orðspor Íslendinga.

Ummæli Óttars eru hugsuð sem meinlítið skens. En þau eru óviðeigandi. Og Gyðingar og Ísraelsríki njóta virðingar meðal Íslendinga.

Um það bil þriðjungur allra sveinbarna á jörðinni er umskorinn á forhúð nokkrum dögum eftir fæðingu. Þetta á við um mikinn meirihluta sveinbarna í Norður-Afríku og víðar í álfunni, Arabalöndum, Persíu, í Mið-Asíu og í Indónesíu og um það bil helming sveinbarna í Norður-Ameríku. Lítil hluti umskorinna eru synir Gyðinga en meðal þeirra nýtur athöfnin sérstakrar helgi.

Umskurn sveinbarna er smávægileg og fljótleg skurðaðgerð á húðfellingunni, einna líkust minnstu lýtalækningum. Auðvelt er að koma við staðdeyfingu og annarri heilsugæslu. Umskurn sveinbarna samrýmist öllum þekktum hugmyndum um forræði foreldra. Hún er eins ólík umskurn ungmeyja og orðið getur.

Frumvarp til laga um bann við

# Leyfið foreldrunum – Opið bréf til Alþingis Íslendinga



Kári Stefánsson  
forstjóri  
Íslenskrar erfða-  
greiningar

Ágætu alþingismenn. Fyrir rúmlega tuttugu árum var ég prófessor í taugalækningum, taugameinafræði og taugalíffræði við Harvard háskólann í Boston og sinnti sjúklingum við Beth Israel sjúkrahúsið þar í borg. Ég var líklega eini prófessorinn sem vann við spítalann sem var ekki Gyðingur. Þar af leiðandi voru flest starfs-systkini mín Gyðingar og síðan á ég mýmarga vini og kunningja af þessum leifturfáfaða og iðna kynþætti sem hefur af og til lent í því að vera ofsóttur.

Þegar það fréttist út fyrir landsteinana að það hefði verið lagt fyrir Alþingi Íslendinga frumvarp til laga, sem ef samþykkt gerði umskurð piltbarna ólöglegan, fóru þessir vinir mínir og kunningjar að senda mér tölvupósta og hringja í mig. Þeir báðu mig að koma til ykkar eftirfarandi röksemdum gegn frumvarpinu, sem ég geri hér og með að mínum líka:

1. Lög sem þessi myndu í prinsippinu gera það ólöglegt að vera Gyðingur á Íslandi vegna þess að umskurðurinn (brit milah) er

örjúfanlegur hluti af sjálfsmynd Gyðinga. Hann er líkamlegt ták sambandsins milli guðs og Gyðinga.

2. Lög sem þessi væru ekki bara aðför að rétti Gyðinga til þess að búa við menningu sína á Íslandi heldur myndu Gyðingar um allan heim líta á lögin sem nýja birtingarmynd á þeirri óvild í garð þeirra sem þeir eru búnir að vera að berjast gegn um aldir. Ekki drægi það úr sviðanum að lögin væru sett af ljóshærðri, bláeygri þjóð.

3. Lög sem þessi vegi að rétti foreldra til þess að taka ákvarðanir fyrir hönd barna sinna sem hefur verið höndlaður sem allt að heilagur á Íslandi fram til þessa. Íslenskt réttarkerfi hefur verndað rétt foreldra til þess að taka ákvarðanir sem vegna ótrúlega miklu meira að heilsu barna þeirra heldur en umskurður piltbarna. Til dæmis má nefna að foreldrum sem tilheyra Vottum Jehóva hefur haldist uppi að meina læknum að gefa börnum þeirra blóð þótt líf þeirra hangi á spýttunni vegna þess að þau hafa trú að því að sá hreinleiki sem glattist við blóðgjöfina sé meira virði en aukin geta til þess að flytja lífsnauðsynlegt súrefni til líffæra barnsins. Og það er lítið svo á að foreldrar hafi lögbundinn rétt til þess að reykja í kringum kornabörn sín og neyta áfengis og haga sér á ýmsan þann



Ég er nokkuð viss um að áhættan af umskurði er ekki meiri en sú sem felst í því að hella messuvíni ofan í óhörðnuð fermingarbörn.

máta sem býr til hættu fyrir heilsu barnsins.

4. Flytjendur frumvarpsins ýkja stórum hættuna af umskurði piltbarna. Í því sambandi má benda á að 80% piltbarna í Bandaríkjunum eru umskorin og eru því í kringum 130 milljónir karlmanna í Bandaríkjunum sem hafa lifað aðgerðina af og 4,5 milljónir sem eru umskornar á ári hverju. Ég vann sem læknir í Bandaríkjunum í tvo áratugi og hitti aldrei fyrir mann sem hafði lent í vandræðum út af umskurði.

Frumvarpið er þrungið forræðis-hyggju og miðar að því að gera það ólöglegt að umskera piltbörn þótt foreldrar líti svo á að ávinningurinn af meiri nánd við guð þeirra vegi upp þá agnarlitlu áhættu sem felst í því að umskera þau. Ég er nokkuð viss um að áhættan af umskurði er ekki meiri en sú sem felst í því að hella messuvíni ofan í óhörðnuð fermingarbörn.

## Útlendinganefnd leysi lýðræðisvandann?



Ögmundur  
Jónasson  
fv. alþingis-  
maður

Þegar borgaryfirvöld tóku tilneydd að velja því fyrir sér hvernig brjóta mætti niður lýðræðislegan vilja Reykvíkinga til að halda innanlandsfluginu í Vatnsmýrinni í Reykjavík varð niðurstaða sú að skipa nefnd til að finna nýja staðsetningu fyrir flugvöllinn – en þó á höfuðborgarsvæðinu. Að sjálf-sögðu ætti að virða vilja Reykvíkinga um flugvöll í Reykjavík! Hann ætti bara ekki að þvælast fyrir fasteigna-bröskurum sem vildu byggja á verðmætasta byggingalandinu svo vísað sé í nýlegan leiðara Fréttablaðsins. Þar var líka talað um hnúta sem þyrfti að leysa og skotgrafir sem þyrfti að komast upp úr. Og hvernig? Með því að fá nefnd útlendinga sem hefði skýrt umboð: „Stjórn mála-menn verða að una niðurstöðunum“, sagði leiðarahöfundur.

**Staðráðin að virða ekki meirihlutaviljann**

Allt orkar þetta nú heldur tvímælis. Ítrekaðar skoðanakannanir á mörgum undanförmum árum hafa bent til þess að yfirgnæfandi meirihluti landsmanna – einnig yfirgnæfandi meirihluti Reykjavíkinga – vill hafa flugvöllinn í Vatnsmýrinni. Hvaða hnút þarf þá að höggva á? Hnúturinn sem þarf að leysa er sá vandi sem lýðræðið skapar borgaryfirvöldum í þessu máli. Löngu er nefnilega orðið ljóst að meirihlutaviljann á ekki að virða.



**Talsmenn flugfélaganna segja að þeir geti vel hugsað sér að láta skattborgara landsins kosta nýjan flugvöll í Hvassahrauni með öllu tilheyrandi. Fjármunum sé betur varið þannig en sóa þeim í menntun barnanna og umönnun aldraðra. Svo sé Reykjanesið varla til annars en að slétta það og malbika.**

**Ílla gert gagnvart Rögnu**

Alltaf finnst mér það heldur illa gert gagnvart þeirri ágætu konu, Rögnu Arnadóttur, að kenna við hennar nafn rannsóknarnefnd sem hún var í forsvari fyrir og kom fram með einhverja alvafasömustu tillögu sem fram hefur komið í þessu máli. Nefndinni var falið að kanna hvað væri skásti kosturinn fyrir flugvöll innan höfuðborgarsvæðisins ef flugvöllurinn yrði fluttur úr Vatnsmýrinni – nota bene ekki hver væri besti kosturinn fyrir innanlandsflugvöll, heldur hvar á höfuðborgarsvæðinu mætti koma flugvelli fyrir ef hann yrði hrakinn úr Vatnsmýrinni. Þannig varð til hugmyndin um Hvassahraun.

**Vilja loka málinu þvert á almannavilja**

En til þess að reka smiðshöggvið á þessa ráðagerð er svo að skilja að ríkisstjórnin hyggist nú fá útlenda menn til að koma með tillöguna og hafi leiðarahöfundur Fréttablaðsins sitt fram yrði málinu þar með lokað. Una verði niðurstöðum aðkeyþtra málaliða!

En það eru ekki bara braskararnir sem myndu hrósa sigri.

**Hvernig flugfélögin vilja ráðstafa skattfé**

Talsmenn flugfélaganna segja að þeir geti vel hugsað sér að láta skattborgara landsins kosta nýjan flugvöll í Hvassahrauni með öllu tilheyrandi. Fjármunum sé betur varið þannig en sóa þeim í menntun barnanna og umönnun aldraðra. Svo sé Reykjanesið varla til annars en að slétta það og malbika. Barna held ég nú samt að einhverjir eigi eftir að rísa upp. Reykjanesið er nefnilega með fegurstu landsvæðum Íslands. Hver hefur ekki ekið með ferðamenn frá Keflavíkurflugvelli og orðið vitni að hrifningu þeirra af úfnu hrauninu sem ekið er um.

**Förum vel með landið**

Við eigum að fara vel með landið okkar og varast í lengstu lög að ráðast í óafturkræf landsþjóll. Síðan er náttúrulega hitt að svæðið umhverfis Keflavíkurflugvöll – Miðnesheiðin – býður upp á talsverða möguleika á útvíkkun og þá einnig fyrir innanlandsflugði ef í harðbakkann slær.

**Vatnsmýrin og Manhattan**

Og síðan er það braskið. Ég hef áður vakið á því athygli að á ólíklegustu stöðum hafa menn staðist áhlaup byggingabráskara eða hvað skyldi leiðarahöfundur Fréttablaðsins segja um verðmæti byggingalandsins í Hyde Park í London eða Central Park á Manhattan í New York. Seint myndu íbúar þessara borga sætta sig við að „útlendinganefnd“ svipti þá valdi yfir þessum opnu svæðum sem gráðugustu braskarar jarðkringlunnar hafa lengi rennt girndaraugum til.

## Njóttu þess að fara í sund / sjósund

Verndaðu eyrun með Ear Band-It Ultra eyrnaböndum og eyrnatöppum



Fyrirbyggjandi vörn gegn eyrnabólgu og nauðsynlegt fyrir þá sem eru með rör í eyrum eða viðkvæm eyru. Til í þremur stærðum.

Fæst í apótekum, barnavörverslunum og Útilíf



# BAUHAUS®



# 25%

## AFSLÁTTUR AF ÖLLUM RAFMAGNSVERKFAERUM

BLACK+  
DECKER

RYOBI

BOSCH

STANLEY  
FATMAX

metabo®

AEG



DEWALT

Real Bosch!



Afslátturinn gildir 22.-28. febrúar 2018.

Opnunartímar: mánudaga til föstudaga 8-19 \* laugardaga og sunnudaga 10-18



## Haukar tylltu sér á toppinn



Góður þriðji leikhluti gerði gæfumuninn fyrir Hauka í viðureign liðsins við Keflavík í gær en leiknum lauk 81-63 fyrir þær fyrrnefndu. Helena Sverrisdóttir fór mikinn hjá heimastúlkum, skoraði 27 stig og tók 12 fráköst. Keflvíkingar gátu með sigri jafnað Hauka að stigum. Sigur Hauka lyftir þeim á toppinn með 30 stig, jafnmörg og Valur. Brittany Dinkins fór fyrir Keflavíkurlíðinu sem er í þriðja sæti með 26 stig. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Skarð Helenu varð ekki fyllt

Eftir að hafa komist í lokaúrslit fimm ár í röð verður kvennalið Stjörnunnar í handbolta ekki í úrslitakeppninni í vor. Meiðsli hafa gert Stjörnuliðinu erfitt fyrir og ekki náðist að fylla skarð Helenu Rutar Örvarsdóttur.

**HANDBOLTI** Það var endanlega ljóst að Stjarnan kæmist ekki í úrslitakeppnina um Íslandsmeistararitilinn í handbolta kvenna eftir grátlegt tap fyrir Val, 26-25, á Hlíðarenda í fyrirkvöld. Stjörnukonur leiddu allan leikinn en köstuðu sigrinum frá sér undir lokin.

Þetta eru mikil vonbrigði fyrir Stjörnuliðið enda var stefnt hátt í vetur. Og ekki að ófyrirsýnu. Stjarnan hefur verið með eitt besta lið landsins undanfarin ár, komist fimm sinnum í röð í úrslit um Íslandsmeistararitilinn og varð bikarmeistari 2016 og 2017. Stjörnukonur eiga heldur ekki möguleika á að verja bikarmeistararitilinn því þær töpuðu fyrir Eyjakonum í 8-liða úrslitum bikarkeppinnar.

„Við höfum séð þetta fyrir síðustu vikur, að þetta væri að verða erfiðara og erfiðara. Við áttum ekki að tapa leiknum í gær en gerðum mistök undir lokin,“ segir Halldór Harri Kristjánsson, þjálfari Stjörnunnar, í samtali við Fréttablaðið í gær.

Aðspurður um hvað hafi farið úrskæðis hjá Stjörnuni í vetur segir Halldór Harri að meiðsli hafi gert liðinu erfitt fyrir.

„Við höfum misst marga leikmenn út. Rakei Dögg [Bragadóttir] spilaði bara nokkra leiki. Brynhildur [Kjartansdóttir] og Elena [Birgisdóttir] spila ekkert fyrir áramót og Brynhildur er enn frá. Það vantar Heiðu [Ingólfsdóttur]. Hún hefur ekki spilað sekúndu í vetur. Við höldum að hún kæmi aftur í nóvember en það gekk ekki eftir. Þórhildur

## Munur á milli tímabila hjá Stjörnuni

2017	2018
27,7	28,6
Mörk skoruð að meðaltali í leik	
24,1	26,6
Mörk á sig að meðaltali í leik	
1,7	0,9
Stig að meðaltali í leik	
1,6	0,9
Stig í leik á heimavelli	
1,7	1,0
Stig í leik á útivelli	

Gunnarsdóttir handleggubrotnaði og svo hefur Togga [Þorgerður Anna Atladóttir] lítið verið með og ekki náð sér nógu vel á strik. Við höfum eiginlega aldrei náð að stilla upp okkar besta liði. Það verður erfitt til lengdar.“

Fyrir tímabilið ákváðu þær Hafdís Renötudóttir og Helena Rut

Örvarsdóttir að freista gæfunnar í atvinnumenskunnunni. Hafdís sprakk út á síðasta tímabili og átti hvað stærstan þátt í að Stjarnan varð bikarmeistari. Helena var í lykilhutverki hjá Stjörnuliðinu um árabíl og gríðarlega mikilvæg á báðum endum vallarins.

Stjarnan hefur skorað meira en í fyrra en vörnin hefur látið á sjá. Garðabæingar fengu á sig 24,1 mark að meðaltali í leik í Olis-deildinni á síðasta tímabili en 26,6 mörk í vetur.

„Helena var stór hluti af liðinu og við náðum ekki að fylla það skarð,“ segir Halldór Harri. Ramune Pekarskyte var ætlað að koma í stað Helenu en Stjarnan kom illa út úr þeim skiptum, ef svo má segja.

„Við vissum hversu mikilvæg hún var áður en hún fór. Hún vildi prófa sig í atvinnumenskunnunni og við studdum það 100%,“ segir Halldór Harri um Helenu sem leikur nú með Byåsen í Noregi.

En hefði Stjarnan átt að gera eitthvað öðruvísi í leikmannanamálum fyrir tímabilið?

„Nei, nei. Hluta af þessum meiðslum stjórnan maður ekki. Þetta eru puttameiðsli og handleggubrot og annað slíkt sem er ekki hægt að stjórna. Það er allt í lagi að missa 1-2 leikmenn út en þetta verður erfitt þegar þeir eru fleiri en það,“ segir Halldór Harri og bendir á að Stjarnan hafi ekki unnið nógu marga jafna leiki eins og á síðasta tímabili. „Stóri munurinn á okkur í ár og í fyrra er að við klárudum þessa leiki í fyrra.“

Við höfum misst þá frá okkur í vetur. Svo minnkar sjálfsstraustið.“

Þrátt fyrir vonbrigðatímabil segir Halldór Harri að stefnan sé áfram sett hátt í Garðabænum og liðið ætli að komast aftur á toppinn.

„Það er metnaður í félaginu. Við þurfum að vinna í því að gera leikmenn betri og sjá hvaða möguleikar eru í stöðunni,“ segir Halldór Harri sem er með samning áfram við Stjörnuna. Hann segist þó lítið hafa leitt hugann að framtíð sinni. [ingvithor@frettabladid.is](mailto:ingvithor@frettabladid.is)

Helena Rut Örvarsdóttir leikur nú í Noregi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




Lindsey Vonn sendir áhorfendum fingerkoss. NORDICPHOTOS/GETTY

## Vonn yfirgefur ÓL-sviðið

**VETRARÓLYMPIULEIKAR** Bandaríska skíðadrottningin Lindsey Vonn segir að Vettrarólympíuleikarnir í PyeongChang séu að öllum líkindum hennar síðustu á ferlinum. Vonn hefur glímt við erfið meiðsli sem héldu henni m.a. frá keppni á leikunum í Sochi 2014.

„Ég vildi að ég gæti haldið áfram að skíða og að ég fyndi ekki alltaf fyrir svona miklum verkjum,“ segir Vonn sem er 33 ára. „Ég vil keppa að eilífu en ég get það ekki.“

Vonn vann til bronsverðlauna í brunni, sinni aðalgrein, í PyeongChang og varð þar með elsta konan til að vinna til Ólympíuverðlauna í alpagreinum. Það voru hennar þriðju Ólympíuverðlaun. Vonn vann til gullverðlauna í brunni í Vancouver 2010 og brons í risasvigi á sömu leikum. – íps



Ólafía Þórunn komst ekki í gegnum niðurskurðinn á síðasta móti sínu. NORDICPHOTOS/GETTY

## Valdís og Ólafía hefja leik í nótt

**GOLF** Valdís Þóra Jónsdóttir og Ólafía Þórunn Kristinsdóttir hófu leik á Australian Ladies Classic golfmótinu í Bonville, Ástralíu, í nótt. Mótið er hluti af Evrópumótariðinni.

Þetta er annað mótið í röð sem þær Valdís og Ólafía keppa saman á í Ástralíu. Um síðustu helgi tóku þær báðar þátt á ISPS Handa mótinu í Adelaide. Valdís endaði í 57.-61. sæti en Ólafía komst ekki í gegnum niðurskurðinn. Mótið í Bonville er það fjórða á tímabilinu hjá Valdísi en það þriðja hjá Ólafíu.

Völlurinn í Bonville þykir afar góður og hefur hlotið fjölmörg verðlaun, þ. á m. sem besti völlur Ástralíu. Hann er hannaður í sama stíl og Augusta-völlurinn þar sem Masters-mótið fer fram. – íps





# ALGERLEGA ÓSTÖÐVANDI LENOVO LEIKJAVÉLAR



## NÚ FÆRIST FJÖR Í LEIKINN

Lenovo Legion Y520  
Core i7, 16GB, 1,5TB, GTX1050i  
Verð: 219.900 kr.



## LEIKJALYKLABORÐ FYRIR BYRJENDUR OG LENGRA KOMNA

Lenovo Legion K200  
Verð: 7.990 kr.



## MIKILL HRÆÐI MEIRI SPENNA

Lenovo Legion Y720T  
Core i7, 16GB, 2,2TB, GTX1070  
Verð: 249.900 kr.



## ÖFLUG VÉL HAGSTÆTT VERÐ

Lenovo Y520T  
Core i5, 16GB, 1,2TB, GTX1060  
Verð: 174.900 kr.



## FULLKOMIN LEIKJAVÉL MEÐ FLOTT ÚTLIT

Lenovo Legion Y720  
Core i7, 16GB, 512GB, GTX1060  
Verð: 254.900 kr.



## FRÁBÆR LEIKJAHEYRNARTÓL

Plantronics margar tegundir  
Vertu stressaður, mjög stressaður!  
Verð frá: 6.490 kr.



# TÍMAMÓT



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdafaður, afa og langafa,

**Baldurs Viðars Guðjónssonar**  
Gullsmára 10, Kópavogi.

Sérstakar þakkir fær Jón Hrafnkelsson læknir, starfsfólk krabbameinsdeildar 11B, Karitas og líknardeildin í Kópavogi fyrir einstaka umönnun.

Hertha Sýlvía Andersen og fjölskylda.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,  
**Ægir Bachmann Bessason**  
loftskeytamaður og kaupmaður,  
Þrúðvangi 2, Hafnarfirði,

lést í faðmi eiginkonu sinnar og dætra á Hrafnistu í Hafnarfirði þann 17. febrúar síðastliðinn. Sérstakar þakkir eru veittar starfsfólki Ölduhrauns fyrir góða umönnun. Útförin fer fram í Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 27. febrúar kl. 14.

**Guðný Sigríður Arnbergsdóttir**  
Stefanía, Lilja, Íris,  
Ragnhildur, Ingveldur,  
tengdasynir, barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,  
**Samúel Ellert Óskarsson**  
múrari,  
Hólabergi 10, Reykjavík,

lést föstudaginn 2. febrúar á gjörgæslu Landspítalans í Fossvogi. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Sigrún Sigtryggsdóttir**  
Albert Guðbrandsson Hildigunnur Geirsdóttir  
Ingvar Samúelsson Helga Agnes Björnsdóttir  
Elias Samúelsson  
Sigríður Lilja Samúelsdóttir  
barnabörn og barnabarnabarn.



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,  
**Guðný Aradóttir**  
Fróðengi 3, 112 Reykjavík,

er lést á Landspítalanum 9. febrúar verður jarðsöngin föstudaginn 23. febrúar kl. 13 frá Grafarvogskirkju. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim er vildu minnst hennar er bent á líknarsjóði Oddfellowreglunnar.

**Karl Jónasson**  
Karl M. Karlsson Rósa P. Sigtryggsdóttir  
Björg Karlsdóttir Örn Guðnason  
Ari Karlsson Dóra Camilla Kristjánsdóttir  
Björn Karlsson Kristjana Jónsdóttir  
Gísli S. Karlsson Svanhildur Rún Þórarinsdóttir  
Sigurbjörg Karlsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,  
**Katrín Jóhanna Gísladóttir**  
Skjólí v/Kleppsveg,

lést aðfaranótt 10. febrúar síðastliðins. Útförin fer fram frá Áskirkju 23. febrúar kl. 11.

**Þórunn Ísfeld Þorsteinsdóttir**  
Sigurfinnur Þorsteinsson  
Björk Þorsteinsdóttir  
Rúnar Bergs Þorsteinsson  
tengdabörn, barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is).



Kvinnakór Suðurnesja er 50 ára í dag. Kórinn fagnar tímamótunum með stórtónleikum og svo utanlandsferð í vor.

## Kvinnakór Suðurnesja fagnar 50 ára afmæli með tónleikum

Kvinnakór Suðurnesja er 50 ára í dag og heldur af því tilefni stórtónleika í kvöld. Til viðbótar við afmælistónleikana mun kórinn líka fagna með því að skella sér til Færeyja í vor.

Það var á þessum degi árið 1968 sem 27 konur komu saman og stofnuðu Kvinnakór Suðurnesja. Kórinn er því 50 ára í dag og í tilefni dagsins syngur hann á afmælistónleikum í Hljómahöll í Reykjanesbæ í kvöld.

Helga Hrönn Ólafsdóttir er einn af 38 meðlimum kórsins en hún hefur sungið með kórnum í 18 ár. Hún er að vonum spennat fyrir kvöldinu. „Við höldum stórtónleika í tilefni dagsins þar sem við syngjum með hljómsveit. Og Valdimar Guðmundsson úr hljómsveitinni Valdi-

**Toppurinn er þegar við förum í Skálholt í æfingabúðir einu sinni á ári.**

mar og Friða Dís úr Klassart syngja með okkur. Og það er uppselt þannig að það er spennandi,” segir Helga og hlær.

Til viðbótar við afmælistónleikana heldur kórinn einnig upp á afmælið með kórferð til Færeyja í maí. „Þar ætlum við að taka þátt í færeysku kóra-

móti þar sem eingöngu færeyskir kórar syngja, en við fáum líka að vera með. Við hittum nefnilega á skipuleggjanda mótsins og okkur var þá boðið að vera með. Við förum út með kórullurnar okkar, það eru eiginmennirnir,” segir Helga glöð í bragði.

Eins og áður sagði hefur Helga verið í Kvinnakór Suðurnesja í 18 ár. Hún segir það alltaf jafn skemmtilegt. „Toppurinn er þegar við förum í Skálholt í æfingabúðir einu sinni á ári. Við erum þar yfir helgi og æfum og æfum og skemmtum okkur.“ [gudnyhronn@frettabladid.is](mailto:gudnyhronn@frettabladid.is)

ÞETTA GERÐIST 22. FEBRÚAR 1997

## Sérfræðingar tilkynntu að þeim hefði tekist að klóna kind

Í Roslin í Skotlandi tikyntu genasérfræðingar að þeir hefðu klónað sauðkind sem þeir nefndu Dollý. Dollý var fyrsta klónaða spendýrið. Fruman, sem Dollý var klónuð úr, var tekin úr júgri 6 ára gamallar finnskrar Dorset-kindar.

Kindin Dollý gekk upprunalega undir dulnefninu 6LL3. Einn þeirra sem aðstoðuðu við burð hennar stakk upp á nafninu „Dolly“ í höfuðið á hinni brjóstamiklu kántrísöngkonu Dolly Parton, þar sem fruman, sem Dollý var klónuð úr, kom úr júgri móður hennar. Dollý var eina tilraunin til klónunar sem tókst af samtals 277 tilraunum, sem Roslin-stofnunin gerði á sauðfé. Fæðing hennar var ekki kynnt fyrr en í febrúar 1997.

Dollý drapst 14. febrúar 2003 úr mæðiveiki og þann 9. apríl 2003 var hún stoppuð upp og höfð til sýnis á Royal-safninu í Edinborg.



Visindamaðurinn Ian Wilmut frá Roslin Institute og kindin Dollý. NORDICPHOTOS/AFP



Elsku eiginmaður minn og faðir okkar,  
**Pálmi Ásmundsson**  
húsasmiðameistari,  
Þverárseli 2, Reykjavík,

varð bráðkvaddur laugardaginn 17. febrúar. Útförin fer fram frá Seljakirkju, þriðjudaginn 27. febrúar kl. 13.00.

**Ásdís Halldórsdóttir**  
Linda Rós Pálmadóttir  
Pálmi Þór Pálmason



Kæru ættingjar, vinir og starfsfólk Grundar. Við þökkum ykkur innilega fyrir allan ykkar hlýhug vegna veikinda og útfarar

**Emiliu Sigurðardóttur**

sem kom fram á svo margvíslegan hátt, eins og ljúf umönnun, faðmlög, blóm og falleg orð.

Allt þetta hefur vermt hjórtu okkar.

**Brynja Guttormsdóttir**  
Björt Rúnarsdóttir  
Halldóra Aradóttir

**Rúnar Hauksson**  
Ramón Puey Escartin  
George L. Claassen



# FRÓ

FIMMTUDAGUR 22. FEBRÚAR 2018

Tíska



Halldóra Guðlaug Þorvaldsdóttir lifir og hrærist í tískuheiminum. Hún leggur stund á tísku- og markaðsfræði í Danmörku og hlakkar á hverjum degi til að fara í skólann. →4



## Á safn af glitrandi kjólum

Það er varla settur upp sá viðburður að söngkonan Alma Rut komi ekki þar fram. Hún er þéttbókuð og hefur sungið með öllum helstu tónlistarmönnum landsins. Nýlega kom hún fram með Jóhönnu Guðrúnu í Salnum í Kópavogi. →2

Alma Rut söngkona elskar glimmer og palliuttur. MYND/ERNIR



LOVE  
PASSION  
HAPPINESS

*Fallegt, fágað og töff!*

comma,

SMÁRALIND



Framhald af forsiðu →

Elin  
Albertsdóttir  
elin@365.is



